


GUÐRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

*Notfærir sér gamla hluti í húsgagnagerð*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




FASTEIGNIR

*Vandlega hönnuð eign í kyrrlátu hverfi*

FASTEIGNABLAÐ FYLGIR Í DAG

ERVIN SHALA

*Dreymir um menningarbrú milli Kosovo og Íslands*

Fer með verðlaunastuttmynd til Pristina

FÓLK 22




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. júní 2009 — 146. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Grímuhafi með nýtt verk

Kristín Jóhannesdóttir snýr sér næst að kreppunni.

FÓLK 22

### Sprækur öldungur

Nýja kaffibrennslan á sér 85 ára sögu.

TÍMAMÓT 12

### Hvetur til sátta



Steinunn Sigurðardóttir telur sameiningu sterkasta vopnið.

FÓLK 22



### Við erum sigurvegarar

Ísland er eitt þriggja liða í Evrópu sem fóru ósigruð í gegnum undankeppni EM í handbolta.

ÍÞRÓTTIR 18

## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST FYRIR AUSTAN** Í dag verða suðvestan 5-10 m/s. Þurrt og yfirleitt bjart eystra annars skýjað með köflum og víða skúrir. Hiti 8-15 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4







**ÓK Á LÖGREGLUSTÖÐINA** För ökuníðingsins endaði við lögreglustöðina á Hverfisgötu. Hann hafði eyðilagt nokkur hlið í fjarskiptamiðstöð lögreglunnar við Skógarhlíð og keyrt utan í bíla á Snorrabrautinni. Á efri innfelldu myndinni má sjá lögreglubíl sem maðurinn stórskemmdi og á neðri myndinni ræðir ökumaður fólksbíls við lögregluna um skemmdir sem urðu á bíl hans í eltingaleiknum. Fjöldi lögreglubíla veitti manninum eftirför. MYNDIR/ANTON&ARNÞÓR

# Vildi drepa lögreglumenn

**Hálffertugur maður ók á bíl með fjölskyldu á Snorrabraut og klessti síðan á hlið lögreglustöðvarinnar. Áður ók hann á slökkvistöðina í Skógarhlíð og stórskemmdi lögreglubíl. Sagðist vilja drepa lögreglumenn.**

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður jeppa var handtekinn í hliði lögreglustöðvarinnar laust fyrir klukkan níu í gærkvöldi eftir ofsaakstur frá slökkvistöðinni í Skógarhlíð. Á leiðinni lenti maðurinn í árekstri við sjúkrabíl og fjölskyldubíl.

„Maðurinn byrjaði á því að keyra á slökkvistöðina. Þar var reynt að stöðva hann en hann ók á ofsahraða í átt að bænum með lögreglubíla á eftir sér. Á Bústaðavegi var reynt að stoppa manninn með sjúkrabíl en hann hélt bara áfram með sprungið dekk eftir að hafa lent í árekstri við sjúkrabílinn,“ upplýsti lögreglumaður á vettvangi við lögreglustöðina.

Áður en maðurinn lét til skarar skríða hafði hann samband við Hafstein Gunnar Hauksson, blaðamann á Vísi og lét vita hvað til stæði.

„Hann hringdi og heimtaði að fá umfjöllun á Stöð 2. Hann sagðist hafa fengið nóg. Hann sagðist eiga óuppgerðar sakir við lögreglu. Hún hefði lamið sig og gert að öryrkja. Hann hafi síðan verið rændur og lögreglan ekki viljað aðhafast neitt,” segir Hafsteinn.

Að sögn Hafsteins hringdi maðurinn aftur og sagðist þá vera kominn á tveggja tonna jeppa. „Hann sagðist vera að sikksakka í umferðinni og talaði um að hann ætlaði að keyra inn í lögreglustöðina á Hverfisgötu. Hann sagðist ætla að drepa lögreglumenn og valda þeim skaða. Ég reyndi að telja hann af því og ef hann vantaði athygli gæti hann talað við okkur í fyrramálið.“

Jeppamaðurinn stórskemmdi bíl lögreglumanna sem reyndu að stöðva hann í Skógarhlíð. „Maðurinn nær að keyra á allar hurðir hjá okkur hér í Skógarhlíð þannig að töluverður fjöldi af okkar bílum er lokaður inni í húsi. Það er ekki hægt að opna þær. Það er bara mesta mildi að ekki hafi farið verr,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Hann segir að engin hætta hafi skapast af því að bílarnir væru innilokaðir því aðrar stöðvar hafi samstundis verið virkjaðar.

Jeppinn sem maðurinn ók er stórskemmdur. Sjónarvottur sem Fréttablaðið ræddi við segir jeppamanninn einfaldlega ekki hafa hitt á hliðið á lögreglustöðinni. Þar í hliðinu kom síðan lögreglubíll aðvífandi og lokaði jeppann af. Maðurinn var síðan handtekinn.

Kona sem skráð er eigandi jeppans hafði ekki heyrt um það sem gerst hafði þegar Fréttablaðið ræddi við hana stundu eftir atvikið. Hún sagði tíðindin vera áfall en vildi ekki upplýsa um tengsl sín við manninn. „Hann er bara pirraður og vill ábyggilega ræða við ykkur um þetta sjálfur,“ sagði hún.

**- gar, þeb, kh**

### Bombaði á okkur

Tvær konur og unglingsstúlka sem voru með tvo hunda í fólksbíl urðu fyrir jeppanum þegar hann ók á ofsahraða norður Snorrabraut. „Hann ætlaði að forða sér frá árekstri á umferðarljós og bombaði bara beint inn í mig. Hann var bara ekki betri ökumaður en það,“ segir Hrafnhildur Guðmundsdóttir, sem ók litla fólksbílnum. Jeppinn fór líka utan í annan bíl og skemmdi hann.

Unglingstúlka sem var í bílnum var grátandi þegar blaðamaður Fréttablaðsins kom á vettvang og hundarnir voru skjálfandi. Hin konan í bílnum, Ólöf Halldórsdóttir, segir ökumann jeppans hafa ekið inn hlið bíls þeirra eins og hann hafi ætlað sér það. „Það voru fleiri en ég í lífshættu, það er engin spurning,“ segir Ólöf. **- gar**

Stjórnarmenn í LSK saka bæjarstjórann um blekkingar:

# Gunnar Birgisson fer í leyfi

**STJÓRNMÁL** Gunnar Birgisson víkur sæti sem bæjarstjóri og bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Kópavogs á meðan lögreglurannsókn fer fram á málefnum Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK). Á föstudag kærði Fjármálaeftirlitið (FME) stjórn LSK til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra. Stjórnarmenn í LSK ásaka Gunnar um að hafa blekkt FME án vitundar annarra stjórnarmanna.

„Slík rannsókn ein og sér vekur tortryggni sem gerir mér ókleift að sinna störfum,“ segir í yfirlýsingu Gunnars frá því í gærkvöldi.

Fyrir lá að Gunnar myndi hætta sem bæjarstjóri vegna viðskipta Kópavogsbæjar við Frjálsa Miðlun, fyrirtæki dóttur Gunnars. Spurður um áhrif ákvörðunar Gunnars á áframhaldandi samstarf flokkanna innan bæjarstjórnarinnar segir Gestur Valgarðsson, formaður Framsóknarfélags Kópavogs, yfirlýsingu Gunnars alls ekki nógu sterka.

Jóhann Ísberg, formaður Sjálfstæðisfélagsins í Kópavogi, gat ekki svarað því hver tæki við sem bæjarstjóri. Fulltrúaráð flokkanna tveggja funda í dag.

**- kg/****sjá síðu 4**










**SPURNING DAGSINS**



*Elín Rósa, var þetta hola í höggi?*

„Nei, því miður. Ekki golflega séð.“

Elín Rósa Guðmundsdóttir og Jón Rafn Valdimarsson voru gefin saman á golfvelli á þjóðhátíðardaginn, eftir að hafa slegið átján holur með prestinum.

Bíladagar á Akureyri fóru fram um helgina í blíðskaparveðri:

# Ölvun og slagsmál á Bíladögum

**LÖGREGLUMÁL** Bíladagar á Akureyri voru haldnir um helgina og gengu stórslysalaust fyrir sig að sögn lögreglunnar á Akureyri.

Erilsamt var hjá lögreglu bæði á föstudags- og laugardagskvöld en nokkur þúsund manns sóttu bæinn heim til þess að taka þátt í viðburðum helgarinnar.

Eitthvað var um pústra, slagsmál og líkamsárásir og samkvæmt upplýsingum frá slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri var það heldur meira en á venjulegri sumarhelgi.

Nokkrir voru stöðvaðir grunaðir um ölvunarakstur eða akstur undir áhrifum fíkniefna. -mmf



**BÍLADAGAR** Mikill mannfjöldi var saman kominn á Bíladögum á Akureyri um helgina. Dagarnir gengu þó stórslysalaust fyrir sig.

Bresk stjórnvöld harmi slegin:

## Líkin af breskum gíslum

**ÍRAK, AP** Bresk stjórnvöld hafa fengið lík tveggja lífvarða sem rænt var í Bagdad fyrir tveimur árum. Þetta staðfesti breska ríkisstjórnin í gær.

Lífverðirnir, Jason Creswell frá Glasgow í Skotlandi og Jason Swindlehurst frá Skelmersdale, störfuðu fyrir kanadíska öryggisfyrirtækið GardaWorld í Írak. Sjía-múslimar rændu mönnunum ásamt þremur öðrum í maí árið 2007, fyrir utan fjármálaráðuneytið í Bagdad.

Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, sendi fjölskyldum mannanna samúðarskeyti í gær. - kh

Árásir í Pakistan:

## 27 létust í flugárásum hersins

**ISLAMABAD, AP** Herþotur réðust á grunaða felustaði hryðjuverkamanna í tveimur bæjum í Pakistan í gær og drápu 27 manns. Á meðan sagði forseti landsins Asif Alil Zardari að allt landið styddi baráttuna gegn öfgamönnum.

Zardari sagði að fyrri aðgerðir hefðu ekki verið árangursríkar vegna þess að almenningur hefði ekki stutt þær.

Herinn hefur gert árásir síðustu vikuna á staði í Bajur, sem grunaðir eru um að hýsa hryðjuverkamenn, og hefur ofbeldi aukist hratt, en fimm mánuðir eru síðan herinn lýsti yfir sigri þar eftir mánaðalangar árásir. -mmf

Flísar og borðplötur vinsælar:

## Íslenskt grjót til útflutnings

**FÓLK** **„Þetta er allt vistvæn framleiðsla, sem Bandaríkjamenn eru mjög heitir fyrir, og íslenski steinninn er skemmtilegt efni. Nú þegar við erum búin að gæðaprófa vörurnar í bak og fyrir er líklegt að við förum með vörur okkar líka til Bandaríkjanna,“ segir Dagný Alda Steinsdóttir innanhússarkitekt. Hún á og rekur Alda Design sem hefur verið að selja þunnar steyptar flísar, borðplötur, vaska og jafnvel sólbekki úr íslenskum steini. Vörurnar njóta vaxandi vinsælda hér heima og næsta skref verður útflutningur að sögn Dagnýjar Öldu.**



DAGNÝ ALDA STEINSDÓTTIR

- jma / sjá Allt í miðju blaðsins

# Hálfur milljarður í Hallgrímskirkjuturn

**Reykjavíkurborg og ríkinu er ætlað að greiða 322 milljónir króna fyrir viðgerð á turni Hallgrímskirkju. Skemmdir eru miklu meiri en talið var. Kostnaðaráætlun hefur tvöfaldast. Of dýrt er talið að hætta við. Borgarráð frestaði málinu.**

**FRAMKVÆMDIR** Viðgerðir á turni Hallgrímskirkju stefna nú í að kosta nær tvöfalt meira en upphaflega var talið. Reykjavíkurborg og ríkið eru beðin að auka framlag sitt til endurbótanna.

„Ef ekki kemur til viðbótarfjármagn mun verkið stöðvast fljótlega og afleiðingarnar verða þær að viðgerðir sem þegar hafa verið framkvæmdar munu liggja undir skemmdum,“ segir í greinargerð sem fylgir tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra um að borgin veiti meira fé til Hallgrímskirkju.

Reykjavíkurborg ákvað á árinu 2007 að greiða 12,4 milljónir á ári fram til ársins 2013 til viðgerðanna á turni Hallgrímskirkju. Ríkið leggur fyrir sitt leyti fram jafn háa upphæð. Nú leggur borgarstjóri til að framlengja þessar greiðslur allt til ársins 2019 að því tilskildu að ríkið geri slíkt hið sama. Þannig munu greiðslur frá ríki og borg á endanum nema 322 milljónum.

Í greinargerð með tillögu borgarstjóra kemur fram að upphafleg kostnaðaráætlun fyrir verkið hafi hljóðað upp á 228 milljónir króna. „Þegar viðgerðir hófust kom hins vegar í ljós að steypuskemmdirnar voru miklu meiri en upphaflega var talið,“ segir í greinargerðinni, þar sem fram kemur að nú sé áætlað að viðgerðarkostnaðurinn verði 540 milljónir króna.

Í greinargerð borgarstjóra er sérstaklega vikið að því hvort jafnræðisregla kunni að vera brotin með því að greiða umræddar fjárhæðir úr borgarsjóði í þetta verkefni fyrir einn tiltekin trúarsöfnuð, það er þjóðkirkjuna. „Um er að ræða höfuðkirkju landsins og eitt helsta kennileiti Reykjavíkurborgar sem jafnframt er hluti af byggingarsögu Íslands,“ segir í rökstuðningi fyrir því að jafnræðisregla stjórnsýslulaga komi ekki í veg fyrir þessa fjárveitigu. „Enda fara ólögbundin verkefni sveitarstjórna eftir efnum og ástæðum hverju sinni,“ segir þar enn fremur.

Í bréfi Jóhannesar Pálmasonar, formanns sóknarnefndar Hallgrímskirkju, og fleiri til kirkjumálaráðherra, borgarstjórans og biskups Íslands kemur fram að ákveðið hafi verið að halda verkinu áfram þrátt fyrir óvissu með fjármögnun. Frestun framkvæmdanna væri kostnaðarsöm auk þess sem ný og gömul steypa í kirkjuturninum yrði þá berskjölduð. „Raunverulegur kostnaður ríkisins við áframhald framkvæmda er litlu meiri en annars sennilegur kostnaður ef verkið stöðvast,“ segir meðal annars í bréfinu.

Afgreiðslu tillögu borgarstjórans var frestað á fundi borgarráðs á fimmtudag. gar@frettabladid.is



**HALLGRÍMSKIRKJA** Steypuskemmdir í turni Hallgrímskirkju eru sagðar vera miklu meiri en upphaflega var talið. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR



JÓHANNES PÁLMASON

Niðurskurður ríkisstjórnar:

## Þjóðmenningarhúsinu lokað

**EFNAHAGMÁL** **Hugmyndir eru uppi innan ríkisstjórnarinnar um að loka Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu tímabundið og að skera niður um fimm prósent hjá Þjóðleikhúsinu og Sinfóníuhljómsveit Íslands, að því er heimildir Fréttablaðsins herma. Þetta er liður í niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar. Þá verður reynt að finna Þjóðmenningarhúsinu nýtt hlutverk þegar það opnar á ný.**

**Skorið verður niður um 1,5 prósent í menningar- og menntamálum á þessu ári.**

**Fram kom á blaðamannafundi Jóhönnu Sigurðardóttur fjármálaráðherra og Steingríms J. Sigfússonar á föstudaginn var að skorið yrði niður um 7 prósent í menntamálum á næsta ári.** - kh

Miceli náðist í Venesúela

## Mafíuforingi handtekinn

**ÍTALÍA** Mafíuforinginn Salvataore Miceli var handtekinn í Venesúela í fyrrinótt samkvæmt ítalska varnarmálaráðuneytinu. Miceli sem náðist af Interpol hefur verið á flótta frá réttvísinni allt frá árinu 2001 vegna mafíutengsla og eiturlyfjasmygls. Miceli var á lista yfir þrjátíu hættulegustu menn Ítalíu.

„Handtaka Miceli er mikið áfall fyrir Cosa Nostra,“ sagði fyrrum yfirmaður mafíurannsóknardeildar ítalska ríkisins, Giuseppi Luma, en Cosa Nostra er sikileyska mafían.

Ítalska lögreglan hefur náð að handtaka nokkra háttsetta mafíósa undanfarin ár þar á meðal yfirforingjann Bernardo Provenzano árið 2006 og arftaka hans Salvatore Lo Piccolo árið 2007. amb


**Minna kólesteról**

*Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem lækkar kólesteról í blóði.*

*Mikilvægt er að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því of hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma.*




*Ein flaska á dag dugar til að ná hámarksvirkni.*

www.ms.is


Fulltrúar vinnumarkaðarins funda áfram með fulltrúum ríkisstjórnarinnar í dag:

# Segist heldur bjartsýnni nú

**SAMNINGAR** „Ég er heldur bjartsýnni nú en ég var á föstudagskvöld,“ sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, í gærkvöldi. Fulltrúar vinnumarkaðarins funduðu með fulltrúum ríkisstjórnarinnar um helgina og munu funda áfram í dag. Fyrir helgi stefndi allt í að Samtök atvinnulífsins myndi segja upp kjarasamningum hinn 1. júlí.

Að sögn Gylfa varð engin bein niðurstaða af fundahöldunum um helgina. Leitað hafi verið leiða til að þoka málum í átt að samkomulagi um ríkisfjármálin á þessu ári og allt fram til ársins 2013. Þá hafi verið rætt um stöðuna í gjaldeyrismálum, uppbygginguna nýju bankanna, ríkiseignir, niðurskurð í verklegum framkvæmdum og fleira. Einnig hafi verið komið á framfæri þeim ákvörðunum ríkisstjórnar sem gætu leitt til þess að Seðlabankinn gæti fyrr og hraðar tekið ákvarðanir um vaxtalækkun og þannig komið til móts við atvinnulífið.

Að sögn Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, var í gær farið yfir málin og reynt að leita leiða til að komast í gegnum þessa erfiðu stöðu. „Það er ekkert útséð með þetta. Líkurnar á samkomulagi hafa aukist örlítið en þetta getur farið á alla vegu,“ segir Vilhjálmur Egilsson. - kg



**SEÐLABANKINN** Vaxtalækkanir voru meðal þess sem rætt var á fundi fundi fulltrúa vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar.



Við stöndum við stóru orðin
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
0 kr. Nova í Nova þýðir nákvæmlega það! Njóttu þess að geta hringt fyrir 0 kr. í vini þína og ættingja, þjálfarann þinn, liðið þitt, glímufélagið eða bara alla sem þú þekkir eða þekkir ekki hjá Nova.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán.
fylgir öllum símatilboðum Nova.
Gildir í áskrift og frelsi.
0 kr. Nova í Nova
1000 mín. símtöl/myndsímtöl og 500 SMS/MMS á mánuði.
690 kr.
Nova fótbolti
Fæst í verslunum Nova og á nova.is
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## GENGIÐ 19.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,38 | 129,00 |
| Sterlingspund | 211,15 | 212,17 |
| Evra | 178,68 | 179,68 |
| Dönsk króna | 24,001 | 24,141 |
| Norsk króna | 0,063 | 20,181 |
| Sænsk króna | 16,331 | 16,427 |
| Japanskt jen | 1,3226 | 1,3304 |
| SDR | 197,73 | 198,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**218,634**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kaupsýslumaður biður forsætisráðherra afsökunar:

# Harmar að auka á hneyksli

**RÓM, AP** Kaupsýslumaður sem réði ungar konur til að fara í veislur heima hjá Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur beðist afsökunar á því að leggja til efni í nýtt hneykslismál.

Kaupsýslumaðurinn, Giampaolo Tarantini, sagði í viðtali við ítölsku fréttastöðina ANSA að hann hefði einungis greitt konunum ferðakostnað og kostnað vegna dvalarinnar. Sagði hann að Berlusconi hefði ekki vitað af því að konunum væri greitt og harmaði að það sem hefði verið vel meint af hans hálfu væri orðið að hneyksli.

Áhugi Berlusconis á yngri konum komst í fréttirnar á dögunum þegar eiginkona hans fór fram á skilnað vegna meintra áforma flokks hans um að stilla ungum fegurðardrottningum upp á framboðslista sinn til Evrópuþingsins og hefur Tarantini verið í miðju þessara ásakana.

Þrjár konur hafa komið fram í ítölskum dagblöðum og sagt að Tarantini hafi boðið þeim í veislur Berlusconis. Fengu tvær þeirra greiddar þúsund evrur auk þess sem þeim var boðið sæti á framboðslista í kosningum á svæðinu Bari á Ítalíu, hvorug þeirra náði þó kjöri. Sú þriðja fékk enga greiðslu en fékk þó skartgripi að gjöf.

**-mmf**



**SILVIO BERLUSCONI** Forsætisráðherrann þykir hafa full mikinn áhuga á ungum stúlkum.

Eldsvoði á Hengilssvæðinu:

# Skáli brann til kaldra kola

**BRUNI Skáli Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjadal á Hengilssvæðinu brann til kaldra kola í fyrrinótt. Níu ungmenni voru í skálanum en þeim stafaði ekki hætta af eldinum.**

**Á tólfta tímanum í fyrrinótt barst tilkynning um eld í skálanum.**

**Lögreglan og slökkviliðsmenn úr Hveragerði fóru á svæðið til slökkvistarfa. Skálinn var ónýtur þegar slökkvilið kom á svæðið. Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá grilli.**

**Hjálparsveit skáta í Hveragerði aðstoðaði ungmennin til byggða.**

Grunur um kynferðisbrot:

# Hélt sig vera að sofa hjá öðrum

**DÓMSMÁL** Karlmaður situr nú í farbanni til 10. júlí, grunaður um að hafa villt á sér heimildir til þess að hafa samræði við konu.

Maðurinn kom til landsins sem ferðamaður. Hann og félagi hans voru á hótelherbergi ásamt konunni. Félaginn hafði haft samræði við konuna, en brugðið sér síðan út úr herberginu. Konan var kyrr í rúminu og beið eftir að maðurinn kæmi til baka. Farbannsmaðurinn fór þá inn, upp í rúm til konunnar og byrjaði að hafa samræði við hana. Lítil birta var þar inni og mennirnir nokkuð líkir útlits.

Konan kærði báða mennina til lögreglu, sem hefur rannsakað málið sem meint kynferðisbrot.

**- jss**

Ströndin við Dauðahafið:

# Jörðin gleypti jarðfræðing

**ÍSRAEL, AP Eli Raz, ísraelskur jarðfræðingur, var að gægjast ofan í holu við strönd Dauðahafsins þegar jörðin opnaðist og gleypti hann. Raz óttaðist að hann myndi aldrei finnast aftur en eftir að hafa dúsað í tíu metra djúpri holunni í um fjórtán tíma var honum bjargað.**

**Nú, fimm árum seinna, starfar hinn 69 ára gamli jarðfræðingur við að bjarga öðrum frá því að lenda í svipuðum aðstæðum með því að kortleggja þessar hættulegu holur. Holurnar opnast af minnsta tilefni og gleypa allt það sem fyrir ofan þær er.**

**Raz segir holurnar hafa myndast þar sem vatnsyfirborðið hafi minnkað töluvert í Dauðahafinu vegna ferðamannastraums og iðnaðarúrgangs. „Þetta eru ótvíræðar sannanir á þeim skaða sem mennirnir hafa valdið á Dauðhafinu,“ segir Raz.**

# Segir Gunnar Birgisson hafa blekkt FME

**Stjórnarmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs segja Gunnar Birgisson, stjórnarformann, vísvitandi hafa blekkt Fjármálaeftirlitið án vitneskju annarra stjórnarmanna. Gunnar vísar því á bug og segir engan glæp hafa verið framinn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Eftir að stjórnin var kærð fyrir villandi upplýsingagjöf, á föstudaginn var, fór ég ítarlega yfir öll gögn í málinu. Þá kom í ljós að út- og afborgunum á lánum til Kópavogsbæjar hefur með vísvitandi hætti verið hagað þannig að gögn um þær komu ekki fram í skýrslum til Fjármálaeftirlitsins,“ segir Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og stjórnarmaður í Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogs (LSK). Í yfirlýsingu sem Flosi sendi frá sér í gær sakar hann Gunnar I. Birgisson, stjórnarformann sjóðsins, um að hafa reynt að villa um fyrir Fjármálaeftirlitinu (FME) án vitneskju annarra stjórnarmanna í sjóðnum.

Fjármálaeftirlitið kærði á föstudag stjórn LSK til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra. Sagt var frá því í Fréttablaðinu á laugardag að hlutfall lánveitinga af eignum LSK til Kópavogsbæjar hafi farið allt upp í tuttugu prósent, en leyfilegt hámark samkvæmt lögum er tíu prósent.

Á föstudag varði stjórn LSK lánveitingarnar með þeim rökum að besta leiðin til að verja hagsmuni sjóðsfélaga hefði verið að ávaxta laust fé til skamms tíma hjá Kópavogsbæ. Flosi segir þær upplýsingar ekki hafa reynst réttar við nánari skoðun. „Stjórnin sendi FME skýrslu í október 2008, þar sem fram kom að Kópavogsbæ hefðu verið lánaðir þessir peningar til skamms tíma. Í skýrslum í desember og mars var ákveðið að láta það ekki koma fram, og með því ákváðu þeir sem skila þessum skýrslum að blekkja FME,“ segir Flosi.



**KÓPAVOGUR** Flosi Eiríksson segir að á tímabilinu frá október og fram í desember 2008 hafi Gunnar Birgisson ákveðið að villa um fyrir FME. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GUNNAR BIRGISSON FLOSI EIRÍKSSON ÓMAR STEFÁNSSON

Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknar í Kópavogi, segir að eftir að hafa legið yfir gögnum málsins frá því fyrir helgi taki hann undir frásögn Flosa að öllu leyti.

Gunnar Birgisson vísar ásökununum á bug. „Flosi og Ómar verða að eiga þetta við sig. Það var ekki verið að blekkja neinn stjórnarmann, það er bara rugl. Allir stjórnarmenn fengu að lesa yfir öll bréf sem voru send til FME. Þeim var kunnugt um þetta og samþykktu þá leið sem farin var.“

Gunnar segist hafa orðið undrandi þegar fjármálaráðherra vék stjórn sjóðsins frá á föstudag. „Þann 19. maí áttum við fund með FME þar sem við gerðum munnlegt samkomulag um að við fengjum tíma til 31. júlí til að ganga frá málinu. Það var enginn glæpur framinn. Það var einfaldlega verið að hámarka ávöxtun af fjármögnun sjóðsins fyrir þann aðila sem ber ábyrgð á honum, sem er Kópavogsbær,“ segir Gunnar Birgisson.

Sigrún Bragadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri LSK, vildi ekki tjá sig um málið í gær.

**kjartan@frettabladid.is**



**FISKI STOLIÐ** Brotist var inn í veiðihúsið við Reynisvatn.

Innbrot í veiðihús:

# Stálu bleikju og regnbogasilungi

**INNBROT** Brotist var inn í veiðihúsið við Reynisvatn aðfaranótt sunnudags. Þjófarnir höfðu á brott með sér fimmtíu kíló af reyktri bleikju og regnbogasilungi að andvirði um 200 þúsund krónur. Að auki var tólf veiðistöngum og nýjum Nilfisk-háþrýstibúnaði, sem notaður er til að hreinsa fiskistæðið, stolið.

Að sögn umsjónarmanna Reynisvatns er þetta í fjórða skipti frá því í vor sem brotist er inn í veiðihúsið og var innbrotið afar fagmannlegt. Þjófarnir komust inn án þess að þjófavörn færi í gang en þeir skrúfuðu rúðu úr einum glugganum.

**- mmf**

Ólögleg skráarskipti:

# 256 milljónir í skaðabætur

**BANDARÍKIN, AP Bandarísk kona þarf að borga rúmlega 256 milljónir króna í skaðabætur fyrir að deila tónlist á netinu ólöglega og virða ekki höfundarréttarlög. Konan Jammie Thomas-Rasset, fjögurra barna móðir, segist ekki hafa áhyggjur af upphæðinni enda engar líkur á að hún geti borgað hana.**

**Þetta er í annað sinn sem málið fer fyrir dóm en í fyrra skiptið var hún dæmd til að borga rúmlega 28 milljónir íslenskra króna.**

**-hds**



ENNEMM / SÍA / NM37378

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**FÁTT UM FÍNA DRÆTTI**
Það verður að segjast eins og er að næstu dagar gætu verið meira spennandi í veðurfarslegu tilliti. Reyndar verður hægviðrasamt á morgun og hinn en á hinn bóginn víða einhver væta. Í dag verður bjartast fyrir austan svo gæti létt til vestanlands síðdegis á morgun þó þar megi vænta skúra fyrir hádegi.



**Á MORGUN**
Breytileg átt, 3-8 m/s

**MIÐVIKUDAGUR**
Hæg, breytileg átt, 3-5 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 21° |
| Eindhoven | 20° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 21° |
| New York | 22° |
| Orlando | 36° |
| Osló | 19° |
| París | 21° |
| Róm | 27° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# THULE SWEDEN Ferða- og skíðabox







# THULE SWEDEN Hjólafestingar





## PHILIPS Quarts

bílaperur

allt að **80**% meira ljós




## TRICO Rúðuþurrkur

NeoForm

Ný þurrkublöð frá Trico



**Stilling**

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að ferðast innanlands fyrstu helgina í júlí?*

| | |
|---|---|
| Já | 36,2% |
| Nei | 63,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þekkir þú einhvern sem hefur verið brotið á af hálfu starfsmanna kirkjunnar?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Ferðafélag barnanna formlega stofnað í dag við rætur Esjunnar:

# Útiveran víkkar sjóndeildarhringinn

**FÉLAGSMÁL** „Nú sem aldrei fyrr er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigði og virkni allra barna og fjölskyldna og með stofnun þessa nýja félags leggur Ferðafélag Íslands sitt lóð á vogarskálarnar,“ segir í tilkynningu frá Ferðafélagi Íslands sem stofnar Ferðafélag barnanna við rætur Esju í dag.

„Með þessu nýja félagi verður lögð mikil áhersla á að bjóða upp á ferðir og uppákomur á forsendum barnanna með það fyrir augum að víkka sjóndeildarhring þeirra og upplýsa um heilbrigða lífshætti úti í náttúrunni. Í þessu samhengi má segja að höfuðmarkmið Ferðafélags barnanna sé að fá öll börn til að upplifa sanna gleði í náttúrunni og upplifa sjálf leyndardóma umhverfisins,“ segir í tilkynningu Ferðafélagsins.

Fram kemur að ferðirnar verði sniðnar að þörfum barna upp að tólf ára.

„Þau geta lagt á sig talsverðar göngur – ef hugsað er vel um grunnþættina; aldrei svöng, aldrei kalt og aldrei leið,“ segir til dæmis um miðhópinn. Um elstu krakkana segir að þau séu að öðlast meira sjálfstæði og vilji láta reyna á eigin getu: „Foreldrar eru þó með að sjálfsögðu, en kannski ekki eins virkir þar sem félagarnir eru á þessum aldri að ná æ meiri athygli.“ **- gar**



**KÁTIR KRAKKAR** Í byrjun júní var eins konar lokaæfing fyrir stofnun Ferðafélags barnanna þegar leikskólabörn spókuðu sig í hlíðum Esjunnar. Formlegur stofnfundur verður við rætur fjallsins klukkan hálftvö á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Opinn fundur í Háskólanum:

# Íslensk flugeldahagfræði rædd

**VIÐSKIPTI** Jón F. Thoroddsen, fyrrverandi verðbréfamiðlari og höfundur bókarinnar Íslenska efnahagsundrið – flugeldahagfræði fyrir byrjendur, heldur opinn fyrirlestur í Odda 101 í Háskóla Íslands á morgun.

Þar rekur Jón meginniðurstöður sínar um einkenni viðskipta á íslenska verðbréfamarkaðnum auk þess sem hann rekur tengsl stærstu bankanna við skráð fyrirtæki á hlutabréfamarkaði. Hann fjallar meðal annars um viðskipti innherja og lánveitingar til lykilstarfsmanna fyrirtækja í Kauphöll. Fundurinn hefst kl. 12.00. **- kh**

Sálrænn stuðningur í boði:

# Samstarf um stuðning

**SAMFÉLAGSMÁL Undirritaður hefur verið samstarfssamningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Rauða krossins fyrir hönd Hjálparsíma Rauða krossins, 1717, um sálrænan stuðning í kjölfar slysa eða áfalla.**

**Í samningnum felst að fólk sem kemur að slysum sem vitni, tilkynnendur og þátttakendur í skyndihjálp eða björgun eiga nú kost á að fá sálrænan stuðning til að vinna úr reynslu sinni.**

**Undir samkomulagið skrifuðu Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri og formaður stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins. -bþa**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Vélsleðaslys á Þórdalsheiði

Vélsleðaslys varð á Þórdalsheiði laust fyrir klukkan 21 á laugardagskvöld. Ökumaður sleðans er ekki talinn alvarlega slasaður en var þó á Fjórðungssjúkrahúsinu á Norðfirði í nótt.

### Fullar fangageymslur

Erilsamt var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags en engin alvarleg atvik komu upp. Fangageymslur voru þó fullar eftir nóttina.

# Sautján látnir í mótmælum

**Yfirvöld í Íran hafa viðurkennt að sautján manns hafi látið lífið í mótmælum undanfarinna daga. Hart var tekið á mótmælum á laugardag, eftir að æðsti klerkurinn hafði krafist þess að þeim yrði hætt.**

**ÍRAN, AP** Að minnsta kosti tíu manns létu lífið og hundrað særðust í mótmælum í Teheran, höfuðborg Írans, á laugardag. Áfram er úrslitum í forsetakosningunum þann 12. júní mótmælt. Samkvæmt opinberum tölum hafa þá sautján manns látist í mótmælunum, en sjö létust í mótmælum fyrir viku síðan. Erfitt er þó að staðfesta tölurnar.

Fimm fjölskyldumeðlimir Hashemi Rafsanjani, fyrrum forseta landsins, voru jafnframt handteknir seint á laugardagskvöld. Rafsanjani er mjög háttsettur og andstæðingur Mahmoud Ahmadinejad núverandi forseta. Hann gagnrýndi forsetann mjög mikið í kosningabaráttunni. Handtökurnar þykja sýna klofning í leiðtogaráði Írans. Meðal þeirra handteknu var dóttir Rafsanjani, Faezeh Hashemi, sem ávarpaði mótmælendur í síðustu viku.

Mótmælin voru þau fyrstu frá því að æðsti klerkur landsins, Ayatollah Khamenei, krafðist þess að mótmælum yrði hætt og hótaði hörðum aðgerðum ef það yrði ekki. Lögregla notaði meðal annars kylfur, táragas og vatn til þess að brjóta mótmælin á bak aftur.

Írönsk stjórnvöld hafa sakað erlend ríki um afskiptasemi og að hafa stuðlað að ófriði í kjölfar kosninganna. Utanríkisráðherra Írans, Manouchehr Mottaki hélt blaðamannafund í gær og gagnrýndi Bretland, Frakkland og Þýskaland sérstaklega. Angela Merkel kanslari Þýskalands hefur hvatt Írani til endurtalningar atkvæða. Þá hefur Barack Obama Bandaríkjaforseti hvatt írönsk stjórnvöld til að hætta öllum ofbeldisaðgerðum gagnvart almenningi. Hann sagði Bandaríkin standa með öllum þeim sem vilji nýta tjáningarfrelsi sitt.

Blaða- og fréttamönnum hefur verið bannað að vinna á götum úti og í gær var fréttaritara breska ríkisútvarpsins BBC gert að yfirgefa landið. Þá hafa 23 blaðamenn verið handteknir á síðustu dögum.

Mannréttindasamtök hafa greint frá því að lögregla hafi handtekið mikið af slösuðu fólki sem leitaði á spítala. Læknum hafi verið gert að tilkynna um öll mótmælatengd meiðsli. Margir hafi því leitað skjóls í sendiráðum til þess að forðast handtöku.

Sjálfsmorðsárás var gerð við styttu af Khomeini æðsta klerki á sunnudag. Árásarmaðurinn lést og fimm særðust. Engin mótmæli voru haldin í gær. **thorunn@frettabladid.is**



**MÓTMÆLT** Hörð mótmæli voru í Teheran á laugardag og var táragasi og kylfum beitt óspart til að brjóta þau á bak aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Orkuveita Reykjavíkur

## Íslenska flóran í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðríðar Helgadóttur líffræðings, **þriðjudagskvöldið 23. júní.** Skoðað verður margbreytilegt gróðurfar í dalnum, blómplöntur og byrkningar. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. **Gangan hefst kl. 19.30 við Minjasafnið í Elliðaárdal.**



• Vatnsveita Reykjavíkur var fyrsta vatnsveita á Norðurlöndunum með ISO 9001 vottað gæðakerfi. www.or.is


Ráðherra segir 2009 annað mesta framkvæmdaárið þrátt fyrir niðurskurð:

# Lífeyrissjóðir vilja lána til vegagerðar

**SAMGÖNGUR** Skera á niður framlag ríkisins til vegagerðar á þessu ári um 3,5 milljarða króna. „Þrátt fyrir þennan niðurskurð lítur út fyrir að árið 2009 verði annað mesta framkvæmdaár vegagerðar á Íslandi,“ segir Kristján L. Möller samgönguráðherra.

Kristján segir að í upphafi ársins hafi verið í gangi verk og samningar fyrir um 15 milljarða króna. Enn sé óljóst á hvaða verkefnum niðurskurðurinn bitni. „Við erum ekki búnir að endurskipuleggja út frá þessum tölum. Það er ekki hægt að segja að það verði ekki boðið meira út á árinu vegna þess að við eigum eftir að sjá hverju verður veitt til vegagerðar á árunum 2010 til 2013. Ný samgönguáætlun verður lögð fram í haust eða í síðasta lagi um áramót,“ segir ráðherrann.

Þótt ríkið skeri niður framlag sitt til vegagerðar eru aðrir möguleikar til fjármögnunar framkvæmda að sögn Kristjáns sem kveðst hafa rætt við bæði lífeyrissjóði og einkaaðila um aðkomu að þessum málaflokki. Dæmi um framkvæmdir sem þessir aðilar gætu komið að segir Kristján vera tvöföldun Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, göng í Vaðlaheiði og samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll. „Það væri hægt að hefja framkvæmdir við samgöngumiðstöðina strax í haust ef við fengjum bara leyfi frá borginni. Þarna hafa aðilar lýst yfir miklum vilja til að koma að framkvæmdum,“ segir ráðherrann og minnir á að fyrir tveimur mánuðum hafi verið undirritað samkomulag við borgaryfirvöld sem fól í sér að hratt yrði unnið að skipulagsmálum fyrir samgöngumiðstöðina. „Tíminn sem er liðinn síðan er kominn fram yfir minn skilning á því hvað er að vinnast hratt.“

Þá segir Kristján fulltrúa lífeyrissjóða hafa komið að máli við hann vegna áhuga þeirra á að koma að því að lána fyrir byggingu Vaðlaheiðarganganna í einkaframkvæmd. „Þar að auki hafa erlendir aðilar lýst yfir áhuga. Þannig að það er ýmislegt í gangi og í skoðun,“ bætir hann við. **- gar**



**KRISTJÁN L. MÖLLER** Samgönguráðherra segir aðeins vanta heimild Reykjavíkurborgar til að hægt sé að hefja byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Það er ekki hægt að segja að það verði ekki boðið meira út á árinu vegna þess að við eigum eftir að sjá hverju verður veitt til vegagerðar á árunum 2010 til 2013.
>
> **KRISTJÁN L. MÖLLER**
> SAMGÖNGURÁÐHERRA

# Vandaðu valið - Hagstætt verð



**Italsofa** *The Italian touch*

Glæsilegt og vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1
með þykku nautaleðri

Verð áður kr. 589.000.-
**Verð nú kr. 353.000.-**



Afar vandað stækkanlegt borð
fyrir 6-20 manns

Ljós eik, massív sápuþvegin eik,
kirsuber,tekk og hnota



skovby® Excellent Dining Rooms

Borð: verð áður kr. 332.000.- **Verð nú kr. 199.000.-** Stóll: verð áður kr. 49.500.- **Verð nú kr. 29.700.-**

Mikið úrval af borðstofusettum



Borð: verð áður kr. 248.500.- **Verð nú kr. 149.000.-**
Stóll m/púða: verð áður kr. 56.500.- **Verð nú kr. 34.000.-**

Afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gangvörðum við



Verð áður kr. 499.000.- **Verð nú kr. 299.000.-**

Corrine vandað leðursófasett 3+1+1



Hvíldarstoll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir



Hvíldarstóll með leðuráklæði og skemli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.

Hvíldarstólar: Verð áður kr. 165.000.-
**Verð nú kr. 99.000.-**

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardaga kl. 11-16**

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað var elsti maður heims sem lést á dögunum gamall?*
2 *Á hvaða eyju mun Haffi Haff koma fram í júlí?*
3 *Hvað var stóri músíkdagurinn haldinn í mörgum borgum?*

SVÖR Á SÍÐU 22

Stöðugur straumur er á ferðamannastaði hér á landi segja staðahaldarar:

# Íslendingar koma um helgar

**ÚTIVIST** Stöðugur straumur erlendra ferðamanna er á helstu ferðamannastaðina og eru þeir fleiri nú en í fyrra. Búist er við að enn fleiri leggi land undir fót síðar í sumar.

„Manni finnst eins og þetta sé heldur meira en í fyrra, það koma um sextán til sautján hundruð manns á dag svo þetta er heilmikil umferð,“ sagði Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli, en nú er byrjað að bjóða upp á gönguferðir með leiðsögn á íslensku um helgar þar.

„Sumarið er tíminn hjá okkur. Frá maí fram í september er mjög mikið af ferðamönnum hjá okkur. Sérstaklega finnum við fyrir fjölgun skemmtiferðaskipa en gríðarlegt álag er á ákveðnum tímum á Þingvöllum í tengslum við það,“ sagði Einar Ásgeir Sæmundsen, fræðslufulltrúi Þingvalla.

„Við erum með aðeins fleiri heimsóknir inn í gestastofu núna heldur en í maí í fyrra. Þetta eru aðallega erlendir ferðamenn og svo koma Íslendingarnir um helgar,“ sagði Helga Árnadóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Jökulsárgljúfri. -hds



**ÞINGVELLIR** Töluverð fjölgun gesta af skemmtiferðaskipum hefur aukið álagið á Þingvöllum. MYND/ÚR SAFNI

Fangelsisdómur á skilorði:

# Barði pilt í höfuðið með grjóti

**DÓMSMÁL** Tæplega tvítugur piltur hefur verið dæmdur í fangelsi í einn mánuð, skilorðsbundið, fyrir að berja annan pilt í höfuðið með steinhnullungi. Atvikið átti sér stað í Fjölbrautaskóla Suðurlands í febrúar.

Pilturinn sem er af erlendum uppruna kvaðst hafa verið reittur til reiði vegna kynþáttafordóma.

Við ákvörðun refsingar leit dómurinn til þess að hann játaði brot sitt greiðlega fyrir lögreglu og dómi. Þá var hann sautján ára þegar árásin átti sér stað. Honum hefur ekki verið gerð refsing áður. Hins vegar var um einbeittan ásetning hans að ræða. - jss


Samfylkingin

# Áætlun um endurreisn

**Opnir fundir Samfylkingarinnar um allt land**

Á fundunum flytja þingmenn og sveitastjórnarmenn stutt ávörp og svara spurningum um þau stóru og vandasömu mál sem verið er að leiða til lykta í ríkisstjórn og á Alþingi þessar vikurnar.

Komið og látið raddir ykkar heyrast í líflegum umræðum.

mánudaginn 22. júní kl. 20

**Hótel KEA, Akureyri**
Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Hermann Jón Tómasson.

**Hamraborg 11a, Kópavogi**
Jóhanna Sigurðardóttir, Árni Páll Árnason, Magnús Orri Schram og Hafsteinn Karlsson.

**Verkalýðshúsinu, Grindavík**
Guðbjartur Hannesson, Oddný Harðardóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Jóna Kristín Þorvaldsdóttir.

þriðjudaginn 23. júní kl. 20

**Edinborgarhúsinu, Ísafirði**
Ólína Þorvarðardóttir, Kristján L. Möller og Sigurður Pétursson.

**Grand Hótel, Reykjavík**
Helgi Hjörvar, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Skúli Helgason og Dagur B. Eggertsson.

**Ránni, Reykjanesbæ**
Árni Páll Árnason, Oddný Harðardóttir, Róbert Marshall og Guðbrandur Einarsson.

**Mælifelli, Sauðárkróki**
Magnús Orri Schram, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Guðbjartur Hannesson og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir.

miðvikudaginn 24. júní kl. 20

**Egilsbúð, Neskaupstað**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Dagur B. Eggertsson og Guðmundur Bjarnason.

**Sögumiðstöðinni, Grundarfirði**
Jónína Rós Guðmundsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir og Davíð Sveinsson.

**Nýheimum, Höfn í Hornafirði**
Oddný Harðardóttir, Róbert Marshall, Guðbjartur Hannesson og Árni Rúnar Þorvaldsson.

fimmtudaginn 25. júní kl. 20

**Ráðhúskaffi, Þorlákshöfn**
Össur Skarphéðinsson, Björgvin G. Sigurðsson, Valgerður Bjarnadóttir og Dagbjört Hannesdóttir.

**Fjölbrautaskólanum, Akranesi**
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Guðbjartur Hannesson, Ólína Þorvarðardóttir og Sveinn Kristinsson.

**Við höfnina, Dalvík**
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Jónína Rós Guðmundsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Svanfríður Jónasdóttir.

**Þverholti 3, Mosfellsbæ**
Árni Páll Árnason, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jónas Sigurðsson.

**Sköpum samstöðu um leikreglur og leiðir til endurreisnar**

**Allir velkomnir** | Nánari upplýsingar á www.**xs.is**




**LÖGIN AFHENT** Margrét Þórhildur Danadrottning afhenti forseta þingsins, Josef Motzfeldt, lögin sem kveða á um fullveldi Grænlands. NORDICPHOTOS/AFP

# Grænland fullvalda ríki

**Grænlendingar öðluðust í gær fullveldi þegar Margrét Þórhildur Danadrottning afhenti lög þess efnis. Með lögunum verður grænlenska opinbert tungumál og innanríkismál verða í höndum Grænlendinga.**

**GRÆNLAND** Grænland varð í gær fullvalda ríki. Margrét Þórhildur Danadrottning afhenti formlega lög um fullveldið við hátíðlega athöfn í Nuuk í gær, á þjóðhátíðardegi Grænlands.

Fullveldisathöfnin hófst klukkan átta í gærmorgun með því að kór söng þjóðsöng Grænlendinga. Að því loknu tók Kuupik Kleist, nýkjörinn forsætisráðherra landsins, til máls og sagði daginn mikinn gleðidag í sögu þjóðarinnar og að framtíð hennar væri björt. Margrét Danadrottning afhenti svo Josef Motzfeldt, forseta grænlenska þingsins lögin um sjálfsstjórnina. „Þetta er stórt augnablik - líka fyrir mig - að afhenda þér og þar með grænlensku þjóðinni þessi lög,“ sagði hún þegar hún afhenti honum lögin. Athöfninni lauk með því að lúðrasveit lék danska konungssönginn.

Með lögunum fá Grænlendingar stjórn yfir innanríkismálum, en Danir munu áfram stjórna utanríkis- og varnarmálum. Þá er grænlenska orðin opinbert tungumál landsins. Grænland fær einnig stærri hluta af tekjum af auðlindum, en reiðir sig áfram að miklu leyti á fjárveitingar frá danska ríkinu.

Danska konungsfjölskyldan var viðstödd hátíðarhöldin í Nuuk í gær. Einnig voru helstu ráðamenn Danmerkur á svæðinu,og bæði konungsfjölskyldan og forsætisráðherrann klæddust grænlenskum þjóðbúningum í tilefni dagsins. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, Dorrit Moussaieff og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, voru einnig viðstödd hátíðarhöldin.

Þrjátíu ár eru frá því að Grænland fékk heimastjórn. Fullveldið var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu í nóvember. Fyrr í mánuðinum fóru fram þingkosningar þar sem miðju- og vinstri flokkar unnu sigur og Kuupik Kleist tók við sem forsætisráðherra. Hann hefur lofað að taka á félagslegum vandamálum í landinu, sem eru mikil. thorunn@frettabladid.is

Átján ára piltur ákærður vegna árásar á Akureyri:

# Sló með flösku í höfuð

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært átján ára pilt fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Pilturinn sem um ræðir sló mann með glerflösku í höfuðið. Fórnarlambið hlaut skurð vinstra megin á enni. Árásin átti sér stað fyrir utan Nætursöluna við Strandgötu á Akureyri. Sá sem fyrir árásinni varð gerir kröfu um skaðabætur upp á rúmlega 480 þúsund krónur.**

**Þá krefst ákæruvaldið þess að árásarmaðurinn verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.** - jss


FLUGFELAG.IS
VESTMANNAEYJAR 1995
(ÞJÓÐHÁTÍÐ)
EGILSSTAÐIR 1998
ÍSAFJÖRÐUR 2000
EGILSSTAÐIR 2003
AKUREYRI 2006
SKEMMTUM OKKUR
INNANLANDS
Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt.
BÓKAÐU NÚNA Á WWW.FLUGFELAG.IS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 46492 06/09

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tossabekkir hafa ekki þekkst í grunnskólum í áratugi. Samt virðast til tossaframhaldsskólar.

## Að fleyta rjómann

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Langt er síðan hætt var að flokka nemendur eftir getu í grunnskólum landsins. Hraðferð og hægferð í nútímaskólastarfi á ekkert skylt við tossabekki fyrri ára.

Breytingin var ekki gerð að ástæðulausu. Erfitt getur verið að ná af sér tossastimplinum sem stundum er kominn til að vera fyrir lífstíð; þá er lítill hvati í hópnum til að gera betur og í honum er ákveðin einsleitni sem alið getur á þröngsýni og félagslegri einangrun. Þá fá tossarnir ekki athyglina og hrósið sem hinir fá og því er minni hvati til að gera betur.

Lítið er deilt um gildi blöndunar í skólastarfi nú orðið, en þrátt fyrir þetta virðist viðvarandi mismunun vera látin viðgangast meðal framhaldsskóla landsins.

Í tölum um aðsókn í framhaldsskóla landsins sem birtar voru fyrir helgi kom fram að hún er með mesta móti og víða hefur þurft að vísa nemendum frá. Alls sóttu 4.437 nemar um vist í framhaldsskóla, eða um 96 prósent þeirra sem luku 10. bekk grunnskólans. Sem dæmi má nefna að 335 sóttu um vist í Menntaskólanum í Reykjavík, en 242 umsóknir voru samþykktar. 520 sóttu um nám í Verzlunarskólanum, en 308 fengu aðgang, og 470 vildu komast í Menntaskólann við Hamrahlíð, en 300 fá vist þar.

Vinsælir skólar á höfuðborgarsvæðinu fleyta rjómann og fá til sín þá nemendur sem líklegastir eru til að standa sig vel og um leið líklegastir til að ljúka námi. Þeir sem ekki eru afburðanemendur hrekjast milli annarra skóla og enda vísast að lokum í þeim sem þeir höfðu sem annað, þriðja eða fjórða val á lista.

Í skipulagi sem þessu er vandi þeirra skóla á höfuðborgarsvæðinu sem fá til sín „lökustu" nemendurna sumpart meiri en skóla úti á landi sem taka til sín alla á sínu starfssvæði, duglega sem aðra. Skólarnir fá nefnilega framlög frá ríkinu eftir því hversu margir ljúka þaðan námi. Heltist margir nemar úr námi ber skólinn því skarðan hlut frá borði þegar kemur að fjárframlögum, enda búinn að eyða orku og peningum í að mennta þá sem lakar stóðu, hvort heldur það er með núlláfongum eða sértækum úrræðum öðrum. Og þá liggur í hlutarins eðli að þar sem fleiri nemendur standa verr hætta fleiri í námi.

Skólar sem ekki geta leyft sér þann munað að fleyta rjómann standa því frammi fyrir því að peningar nýtast verr og þeim mun meiri áskorun er að koma ungviðinu til manns. Sér í lagi á það við um þá framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu sem ár eftir ár fá til sín lökustu nemendurna. Landsbyggðarskólarnir eru þó í það minnsta með blandaðri hóp.

Eftir efnahagshrunið stendur fólk frammi fyrir því að endurskoða margvísleg gildi og víða þarf að bæta úr þar sem hlutir hafa farið aflaga. Í skólakerfinu er grunnurinn lagður að hagvexti framtíðar. Misskiptingu ætti að reyna að eyða eftir megni og þar af leiðandi algjör tímaskekkja að í framhaldsskólakerfinu skuli látinn líðast elítismi sem byggja virðist á grunni fornaldarhyggju getuskiptingar í námi. Í jafnræðisþjóðfélagi er jafn réttur skólabarna til náms grundvallaratriði.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*

Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

*LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!*

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt upp á borðið

Lára Hanna Einarsdóttir greinir frá því á bloggsíðu sinni að Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafi kallað Hörð Torfason á fund til sín að loknum mótmælafundi á Austurvelli á laugardag. Steingrímur hafi viljað leiðrétta þá fullyrðingu Harðar á fundinum að Hollendingar og Bretar hafi ekkert haft á móti því að gera Icesave-samningana opinbera. Því til staðfestingar hafi Steingrímur sýnt Herði og Láru, sem fór með á fundinn, tölvupósta frá embættismönnum í Hollandi og Bretlandi sem Lára tók ljósrit af og birti á bloggsíðu sinni.

Fjöldi manns hefur ritað athugasemdir við færslu Láru Hönnu. Mörgum finnst gott og blessað að fjármálaráðherra fylgist vel með og gefi sér tíma til að ræða við almenning. Jafn margir spyrja sig þó hvort ekki hefði verið eðlilegra að Steingrímur birti öll gögn um þessi viðkvæmu mál opinberlega, í stað þess að leiðrétta slíkan misskilning í fárra manna tali.





### Ekki alls varnað

Sagnfræðingurinn, bloggarinn og friðarsinninn Stefán Pálsson fagnar þeirri ákvörðun að leggja niður Varnarmálastofnun, og skyldi engan undra. Honum gremst þó sú skammsýni yfirvalda að ráða Stefán ekki í starf forstöðumanns stofnunarinnar, sem hann sótti um síðastliðið vor. Stefán hefði nefnilega, að eigin sögn, afsalað sér öllum biðlaunarétti, auk þess sem hugmyndir hans um að breyta embættinu í hlutastarf hefðu minnkað útgjöld ríkisins enn frekar.

**kjartan@frettabladid.is**

## Ég sé þig



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Frakkland

Hinn 27. febrúar 2008, þegar klukkuna vantaði tíu mínútur í sex e.h., átti Patrick L., heimspekikennari að atvinnu, leið um járnbrautarstöðina í Marseille, og kom þar að sem tveir lögreglumenn voru að athuga persónuskilríki ungra manna í nokkuð rafmögnuðu andrúmslofti. Hann brást þá svo við að hann setti sig í leikræna stellingu, benti vísifingri á laganna verði og sagði í tvígang: „Sarkozy, ég sé þig."

Löngu síðar, þegar þetta atvik var komið í hámæli, spurðu fréttamenn heimspekikennarann hvað honum hefði gengið til að hrópa þetta. Hann sagðist þá oft hafa tekið eftir því að ef einhver nefndi nafnið „Sarkozy" færu allir jafnan að hlæja. Nú hefði sér fundist loft allt lævi blandið á járnbrautarstöðinni, og því hefði hann viljað draga úr spennunni með þessu móti; það hefði líka farið eftir áætlun, allir viðstaddir hefðu skellt upp úr og verið í léttu skapi.

Lögreglumennirnir fóru nú með heimspekikennarann á stöðina og skrifuðu hann upp, en gættu í öllu fyllstu kurteisi. Svo fékk hann að fara til síns heima, og datt ekki annað í hug en málinu væri þá lokið. Hann varð því meira en lítið hissa þegar hann fékk síðan kvaðningu um að mæta fyrir rétti tæpum fimmtán mánuðum eftir atvikið. Var honum gefið í sök, samkvæmt lögum frá 1875, að hafa „ónáðað aðra með móðgandi óspektum að degi til" og þess krafist að hann yrði dæmdur í sekt upp á 100 evrur.

Ýmsum blaðamönnum fannst þessi ákæra nokkuð alvarlegt mál og settu það í víðara samhengi. Frá þeim tímum þegar konungar ríktu yfir Frakklandi hefur það verið saknæmt að hafa í frammi eitthvert móðgandi athæfi við þjóðhöfðinga landsins; er það arfur úr Rómarrétti og kallaðist afbrotið þar „crimen laesae maiestatis", en samkvæmt orðanna hljóðan flokkaðist allt undir það sem kastaði á einhvern hátt rýrð á hátignina. Um langt skeið hafði sjaldan verið nein ástæða til að framfylgja þessum lögum, en þegar de Gaulle tók við völdum dustaði hann eftirminnilega af þeim rykið og var meira en hundrað sinnum höfðað mál gegn mönnum samkvæmt þeim. Einn var t.d. sakfelldur fyrir að hafa sagt „hú-hú" þegar de Gaulle átti leið framhjá og dæmdur til þyngstu refsingar sem menn geta yfirleitt fengið fyrir að segja „hú-hú". Eftir daga de Gaulle vildu Frakklandsforsetar þó sem minnst beita þessum lögum; bæði Mitterrand og Chirac tóku þá stefnu að gera það aldrei og stóðu við það. „Það besta sem forsetinn getur gert er að yppa öxlum", sagði lögfræðingur Mitterrands. En með valdatöku Sarkozys hefur aftur orðið breyting, og farið er að sýna þeim mönnum sem sýna forsetanum óvirðingu aukna hörku. Sjálfur á Sarkozy til að svara árásum með enn svæsnari fúkyrðum. Settu blaðamennirnir mál heimspekikennarans í samband við þessa nýbreytni, þótt höfðað væri til annarra laga, og það fannst þeim ekki boða neitt gott hvað varðaði málfrelsi í landinu.

Þegar málið kom fyrir rétt, sagði rannsóknardómarinn að kennarann væri hvorki heimspekingur né spéfugl heldur einungis óæskilegur friðarspillir. Hann bætti því við að samkvæmt lögregluskýrslum hefði atvikið staðið yfir fimm mínútur og reiknaðist honum út að á þeim tíma hefði kennarinn getað hrópað umrædda setningu sextíu sinnum. En verjandanum fannst rannsókn málsins vera í mörgu áfátt. Nú er það venja í Frakklandi þegar stórglæpir eru framdir að farið er með alla málsaðila, dómara, saksóknara, verjanda, ákæranda, vitni og sakborning á staðinn þar sem hinir geigvænlegu atburðir gerðust og þar er glæpurinn settur á svið í öllu sínu veldi, sakborningurinn er látinn leika sitt eigið hlutverk, ef hann hefur hæfileika, annars er einhver lögreglumaður og áhugamaður um leiklist fenginn til þess, og svo er annar lögreglumaður eða –kona með sama hugðarefni fenginn til að leika fórnarlambið. Þetta vildi nú verjandinn líka gera í máli heimspekikennarans, hann vildi að réttarhöldin yrðu flutt á járnbrautarstöðina, þar yrði mælt nákvæmlega hve háváðinn á annatíma væri þar mörg desíbel, einnig rödd heimspekikennarans og síðan hve langt hún drægi við þessar aðstæður. Hann heimtaði einnig að taugasérfræðingur yrði fenginn með í þessa rannsókn til að skera úr um áhrif þessara orða kennarans á taugakerfi viðstaddra á járnbrautarstöðinni.

Þessari kröfu verjandans var hafnað. En dómarinn tók sér margra vikna frest til að kveða upp dóm í þessu alvarlega máli. Heimspekikennarinn sagðist hafa tekið eftir því að allir færu að hlæja þegar einhver segði „Sarkozy", en kannske þýsti hann ekki við því að allt Frakkland myndi skella upp úr.

## Þöggunarkrafa Þorsteins

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson skrifar um grein Þorsteins Pálssonar.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þorsteinn Pálsson segir í Fbl. um helgina að mismunandi sjónarmið og áherslur í ríkisstjórn séu jafnan veikleikamerki; ágreiningur dragi „kjarkinn" úr ríkisstjórn „til að taka á viðfangsefnum af því afli sem til þarf". Ritstjórinn fyrrverandi telur greinilega heppilegra að menn leggi sannfæringu sinni svo göngulag og taktur verði samræmdur í pólitískum aflraunum. Undirritaður er tekinn sem dæmi um varasamt frávik: „… heilbrigðisráðherrann talar áfram gegn samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eins og þegar hann var í stjórnarandstöðu."

Þorsteinn Pálsson virðist hafa lítinn skilning á lýðræðisbylgjunni sem nú fer um samfélagið með kröfu um opin og gagnsæ vinnubrögð og að stjórnmálamenn verði ekki viðskila við samvisku sína. Hann leggur meira upp úr öðrum gildum: Að þeir séu sterkastir sem tali einni röddu, hvað sem líður skoðunum og samvisku.

Víkjum að dæminu um undirritaðan og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ég er enn þeirrar skoðunar að „samkomulagið" sem þáverandi ríkisstjórn gerði við AGS síðastliðið haust sé slæmt. Menn kunna að hafa metið það svo á þeim tíma að þeir ættu ekki annarra kosta völ. En nú sitjum við uppi með AGS til tveggja ára og er hann hluti af íslensku pólitísku landslagi.

Fyrir mitt leyti reyni ég að gera það besta úr stöðunni sem ég mögulega get. Aðkoma VG að ríkisstjórn var samfélagsleg nauðsyn. Ekki byði ég í það ef Sjálfstæðisflokkurinn, pólitískur hönnuður vandræðanna, sæti hér enn við stjórnvölinn. Þetta breytir því ekki að ég vil losna úr böndabeygju AGS eins fljótt og kostur er. Það telur Þorsteinn Pálsson, sem ekki er bara fyrrverandi ritstjóri heldur formaður Sjálfstæðisflokksins, að megi helst ekki segja. Nú spyr ég hann: Getur verið að þöggunarstefna Sjálfstæðisflokksins eigi hlut í hruninu? Getur verið að opin lýðræðisleg umræða sé það eina sem geti vísað okkur fram á veginn; að í slíkri umræðu felist styrkur ríkisstjórnar?

Það er veikleiki að láta alla syngja sama lagið, sömu röddu, alltaf.

*Ögmundur Jónasson*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM




## HÁGÆÐA AMERÍSK FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á 30% AFSLÆTTI

Í Rekkjunni færðu hágæða amerísk fjölstillanleg rúm við þitt hæfi, allt frá einföldustu rúmum upp í rúm sem standast væntingar hinna kröfuhörðustu, t.d. með færanlegum sleða í botninum (sem gerir þér kleift að nýta ljósið frá náttlampanum í öllum stillingum), þráðlausri upplýstri fjarstýringu, nuddi með minni, straumrofi við mótor, minni á uppáhaldsstillingu o.fl.

Þegar velja skal rétta dýnu í stillanlega rúmið finnurðu hana í Rekkjunni. Úrvalið er mikið; þrýsitijöfnunarsvampsdýnur, pokagormadýnur og hágæða dýnur úr Talalay-Latexi með áklæði úr lífrænt ræktuðum bómul o.fl. Sjón er sögu ríkari.

### S-Cape

- S-Cape er einn öflugasti fáanlegi stillanlegi botninn í dag.
- Botninn er á sleða svo þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Allt í grindinni, sem ekki er úr stáli, svo sem festingar, fóðringar og liðamót, er úr næloni.
- Hljóðlátir og öflugir mótorar.
- 3 mm tvíhert stálgrind undir botninum.
- Tveir mótorar, einn fyrir fætur og annar fyrir bak - mikill kraftur og styrkur.
- Ljós er í fjarstýringunni svo hægt sé að nota hana í myrkri, einnig er fjarstýringinn þráðlaus.
- Nudd er í botninum sem örvar blóðrásina og minnkar bjúgmyndun á líkamanum.
- 10 ára ábyrgð á mótor og 12 ára ábyrgð á grindinni.
- Hægt er að vista sína uppáhaldsstöðu á rúminu og eru 3 vinsælar stöður þegar vistaðar.
- Lítill sem enginn straumur er á mótornum þegar ekki er verið að ýta á takka á fjarstýringu.
- Ef rafmagn skildi fara af heimilinu þegar þú ert í uppréttri stöðu fer rúmið sjálfkrafa niður í svefnstöðu.



**S-CAPE**
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 821.114 kr.
**Verð nú frá 574.480 kr.**

**WALLHUGGER**
Fjölstillanlegt amerískt heilsurúm með hágæða heilsudýnu (2x97x203)
Verð frá 676.114 kr.
**Verð nú frá 473.279 kr.**

## ÞRÝSTIJÖFNUNARSVAMPSRÚM

# 30% AFSLÁTTUR



**ÞRÝSTIJÖFNUNAR-SVAMPSRÚM**
(Queen size 153x203)
Verð frá 165.500 kr.
**Verð nú frá 115.850 kr.**

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

ARGH! 0609

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**DAN BROWN RITHÖFUNDUR ER 45 ÁRA**

*„Ég eyði lífi mínu einn fyrir framan tölvuna. Það breytist ekki og ég reyni við sömu áskoranirnar alla daga.“*

***Dan Brown er bandarískur spennusagnahöfundur sem er hvað þekktastur fyrir skáldsögu sína, Da Vinci lykilinn. Mynd eftir samnefndri bók hans, Englar og djöflar, var nýlega frumsýnd á Íslandi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST**: 22. JÚNÍ 1939

## *Mesti hiti mælist á Íslandi*



Fyrir sjötíu árum mældist mesti hiti á Íslandi á Teigarhorni í Berufirði á Austfjörðum. Hitinn mældist 30,5 gráður.

Þennan dag voru tvær veðurathugunarstöðvar sem mældu hita yfir þrjátíu gráðum, en það voru Teigarhorn og Kirkjubæjarklaustur. Þessi staðreynd og það að háþrýstimet var sett í sama veðurkerfi dregur úr líkunum á því að þrjátíu stig hafi eingöngu mælst vegna þess að eitthvað hafi verið bogið við mæliaðstæður. Ákveðin óvissa fylgir þessum mælingum því fyrir sjötíu árum var mælum komið fyrir á nokkuð annan hátt en nú.

Sumarið 1939 gengu óvenju margar hitabylgjur yfir landið. Þó var ekki bara hlýtt heldur komu til dæmis kaldir dagar snemma í júlí þar sem gerði næturfrost á fáeinum stöðvum.

Margir muna eftir hitabylgjunni sem gekk yfir landið á síðasta ári. Þá fór hitinn hæst í 29,7 gráður á Þingvöllum hinn 30. júlí en mörg hitamet voru slegin víða um land þótt Íslandsmetið frá 1939 hafi enn ekki verið slegið.

Heimild: www.vedur.is

**MERKISATBURÐIR**

**1372** Englendingar bíða ósigur fyrir sameinuðum flota Frakka og Kastilíumanna í orrustunni við La Rochelle.
**1636** Herstjórnarveldið í Japan bannar allar ferðir Japana til og frá landinu.
**1633** Kaþólska kirkjan í Róm neyðir Galileo Galilei til að endurskoða kenningu sína um að jörðin gangi umhverfis sólina.
**1783** Eitruð ský frá Lakagígum ná til Le Havre í Frakklandi.
**1941** Þjóðverjar ráðast inn í Sovétríkin.
**1978** Karon, fylgihnöttur Plútós, finnst.
**1991** Hjónum frá Hellissandi er bjargað úr alldjúpri sprungu á Snæfellsjökli.

AFMÆLI



**ÞÓR H. TÚLINÍUS** leikari er 50 ára.



**GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR** söngkona er 46 ára.




†

*Ástkær fósturfaðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Geir Sigurðsson**

pípulagningamaður,
Strandaseli 1, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 15. júní sl. verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 24. júní kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð krabbameinsgreindra. Starfsfólki á krabbameinsdeild Landspítalans eru færðar hjartans þakkir fyrir góða og hlýja umönnun.

**Ása Birna Áskelsdóttir** **Stefán Ómar Oddsson,**
**Þórný Pétursdóttir** **Baldur Már Bragason**
**Ómar Rafn Stefánsson**
**Ragnhildur Birna Stefánsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sólborg Hulda Þórðardóttir,**

Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, áður Stigahlíð 18, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 11. júní. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 24. júní kl. 15.00.

**Þórður Adólfsson** **Elsa Jóhanna Gísladóttir**
**Adólf Adólfsson** **Monika Magnúsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

*Eiginmaður minn, faðir tengdafaðir og afi,*

**Albert Ólafsson**

bakarameistari,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 23. júní kl 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimerfélagið eða Asma- og ofnæmisfélagið.

**Ragnhildur Einarsdóttir**
**Anna E. Thorsen** **Benny Thorsen**
**Erla Albertsdóttir**
**Einar Albertsson**
**Ólafur Albertsson** **Imelda Caingcoy**
**Albert Albertsson**
**og barnabörn.**




**STÓRKOSTLEG BREYTING** Helga Guðrún Johnson segir Íslendinga góðu vana í kaffidrykkju en í gamla daga hafi verið drukkið molakaffi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**NÝJA KAFFIBRENNSLAN**: Á SÉR 85 ÁRA LANGA SÖGU

# Nátengd kaffisögu Íslendinga

Þegar Kaffibrennsla Ó. Johnson og Kaaber hóf starfsemi sína í Fálkahúsinu í Reykjavík sá einn piltur á reiðhjóli með bögglabera um að koma kaffinu í verslanir. Nú, 85 árum síðar, hefur fyrirtækið vaxið og dafnað, sameinast helsta keppinauti sínum til margra ára og haldið dreifingarkerfi sínu í Reykjavík en flutt framleiðsluna á Akureyri.

„Fram að því að Kaffibrennsla Ó. Johnson og Kaaber var stofnuð voru kaffibaunir fluttar inn í sekkjum og fólk brenndi þær í ofninum heima hjá sér og malaði í litlum kvörnum,“ segir Helga Guðrún Johnson, stjórnarformaður Ó. Johnson og Kaaber. „Þetta er í rauninni fyrsta kaffibrennslan sem fjöldaframleiðir og er með neytendapakkningar sem eru seldar í verslunum.“

Helga Guðrún segir mikið hafa breyst á 85 árum. „Þegar Kaffibrennslan var stofnuð var algengt að fólk notaði svokallaðan kaffibæti til þess að drýgja kaffið. Kaffibætirinn var framleiddur fram á áttunda áratuginn. Þetta var á krepputímunum þegar var lítið um gjaldeyri og kaffi var dýrt.“

Helga Guðrún segir að tímamót hafi orðið upp úr 1980 þegar tollar á pökkuðu kaffi voru aflagðir. „Fram að þeim tíma voru innlendir kaffiframleiðendur nánast einráðir á markaðnum. Þá fer innflutt kaffi að flæða inn í landið og innlendir kaffiframleiðendur áttu nokkuð undir högg að sækja upp úr því. Núna á þessum síðustu og verstu tímum hefur orðið hugarfarsbreyting þannig að fólk kaupir frekar innlent kaffi og að auki er verðið hagstæðara.“

Aðspurð segir Helga Guðrún að kaffidrykkja Íslendinga hafi breyst stórkostlega á undanförnum 85 árum. „Nú eru Íslendingar orðnir mjög góðu vanir. Þeir vilja öðruvísi kaffi og kannski færri bolla af góðu, sterku og bragðmiklu kaffi, jafnvel með flóaðri og freyðandi mjólk. Í gamla daga var náttúrlega bara drukkið molakaffi eða tíu dropar.“

Helga Guðrún segir Nýju kaffibrennsluna gera sitt besta til að koma til móts við breyttar kaffivenjur Íslendinga, kröfur þeirra og væntingar. „Fyrir utan gömlu góðu tegundirnar, Braga og Kaaber, sem Íslendingar hafa alist upp við, framleiðum við Dilettokaffi, Íslandskaffi og nokkrar tegundir af Rúbínkaffi sem bæði má fá í baunum og möluðu. Þar af er ein ný tegund, Baunablanda Valdísar. Við erum með kaffi fyrir allar tegundir af kaffivélum, baunavélar, pressukönnur eða venjulegar uppáhellingar.“

Þegar Helga Guðrún er innt eftir því hvort haldið hafi verið upp á afmælið segir hún hófstillta stemningu hafa myndast. „Allir starfsmenn, bæði norðan og sunnan heiða, fengu hátíðartertu í tilefni afmælisins.“

En hvað er á dagskrá Nýju Kaffibrennslunnar í nánustu framtíð? „Við brennum og mölum dag og nótt, sláum hvergi af gæðunum og gerum okkar besta í tengslum við verð.“

**martaf@frettabladid.is**

# Krydd í tilveruna

Námskeið um ræktun kryddjurta verður haldið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands annað kvöld frá klukkan 19.30 til 22.

Í fréttatilkynningu frá Endurmenntun segir að ferskleiki sé afar mikilvægur til að kryddjurtir njóti sín til fulls og því sé fátt betra en að hafa aðgang að þeim beint úr eigin ræktun. Ræktun, ræktunarskipulag, sáning, forræktun, plöntun, jarðvegur, áburðargjöf, umhirða, plöntuheilbrigði, uppskera, geymsla og ræktun innandyra á helstu tegundum kryddjurta sem þrífast utandyra hérlendis verða því á meðal helstu efnisþátta á námskeiðinu.

Björn Gunnlaugsson hefur umsjón með námskeiðinu, sem er í samstarfi við Horticum menntafélag.

Námskeiðsgjald er 4.900 krónur.

Nánar á www.endurmenntun.hi.is.



**GOTT Í GOGGINN** Ræktun og notkun kryddjurta verður til umfjöllunar á námskeiði á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. NORDICPHOTOS/GETTY

**ÞVOTTURINN OKKAR** fær sjaldnast tækifæri til að þorna úti við á Íslandi og því er um að gera að nota þessar fáu vikur sem hægt er og fá ferska útilykt af fötunum okkar. Þó það sé ekki nema að strengja eina snúru á svalirnar, bara svona rétt til að fá smjörþefinn.




;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447















Guðrún og Njörður, eiginmaður hennar, smíðuðu rúmgaflinn úr gömlu skrifborði og vögguna úr hilluafgöngum. Þar unir nýfædd dóttir þeirra sér vel í návígi við foreldrana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Smíðað upp úr gömlu

**Að hugsa út fyrir kassann er ekki öllum gefið en Guðrún Davíðsdóttir, nýbökuð tveggja barna móðir, gerði það svo sannarlega þegar hún smíðaði rúmgafl og vöggu úr gömlu skrifborði og hillum.**

„Ég fékk hugmyndina af netinu þó að bólstraða rúmgafla megi að vísu finna alls staðar,“ segir Guðrún Davíðsdóttir, viðskiptafræðingur og nýbökuð tveggja barna móðir. „Ég ákvað hins vegar að nýta það sem til var og varð gamalt skrifborð eiginmannsins fyrir valinu. Ég bólstraði það og klæddi með efni úr Ikea og heftibyssuna fékk ég lánaða hjá mömmu,“ segir hún hispurslaust og bætir við: „Ég notaði gamla sumarsæng úr Rúmfatalagernum sem undirlag til að bólstra í kringum og fyllti upp í með gömlu flísteppi.“

Kostnaðurinn við rúmgaflinn fólst einungis í 2,2 metrum af efni sem kostaði 895 krónur metrinn. „Rúmgaflinn kostaði mig því um 2.000 krónur en vaggan eitthvað um 3.700 krónur með dýnu,“ segir Guðrún en vaggan var smíðuð úr gömlum hilluafgöngum úr geymslunni. „Við breyttum geymslunni í barnaherbergi og þá voru engin not fyrir gömlu hillurnar lengur. Síðan átti ég gamalt ullarteppi sem ég þæfði í þvottavélinni og gat bólstrað öll horn vöggunnar með því þannig að þau yrðu mjúk. Svo notaði ég afganga úr bútasaumnum hjá mömmu til að bólstra hliðarnar. Vaggan er síðan fest á gamla skáphurð úr forstofunni sem er fest undir rúmið,“ útskýrir hún.

Verkið tók einn dag, sem sumum þætti nú vel af sér vikið, en Guðrún hafði ætlað sér enn styttri tíma. „Við erum hins vegar ekki mjög færir smiðir,“ segir hún og hlær. Þau hjónin hafa reyndar nú þegar tekið í gegn baðherbergið, parkettlagt herbergi og breytt geymslu í barnaherbergi. „Þau verk gáfu okkur hugrekkið en ekki endilega færnina.“

Rúmgaflinn og vaggan lukkuðust hins vegar prýðisvel og nýtist plássið í svefnherberginu enn betur. „Vaggan snertir ekki gólfið og auðveldar því þrif en hugmyndin var sú að ég gæti haft dóttur mína nálægt mér fyrstu mánuðina og horft á hana án þess að hafa áhyggjur af að leggjast á hana í hjónarúminu.

Eins og flestar mæður þekkja gerir maður lítið annað en að stara á litla kríl-ið fyrsta mánuðinn,“ segir Guðrún og brosir.

*hrefna@frettabladid.is*




**MATVÆLI** eru stundum ekki síður fyrir augað en bragðlaukana. Þannig eru Campbell-súpudósirnar augnayndi sem og Sol Gryn-haframjölskassinn gamli og mörgum þykir Royal-búðingurinn ekki síðri en basilíkan í útliti. Notið þessi matvæli til að skreyta opnar hillur.



# Hyggst flytja út íslenska steininn

**Þunnar steinflísar, steinborðplötur, sólbekkir, vaskar og fleira til, steypt úr íslenskum steini, er verkefni sem Alda Design hefur þróað. Dagný Alda Steinsdóttir innanhússarkitekt er eigandi fyrirtækisins og hyggst hún kynna íslenskar steyptar vörur á Bandaríkjamarkaði.**

„Arkitektar og hönnuðir segjast verða varir við að fólk vilji varanlegra efni, sem þoli meira álag og endist. Þannig vilji fólk gólfefni sem standist tímans tönn og þurfi ekki mikið umstang í kringum," segir Dagný Alda. Fyrirtæki hennar, Alda Design, var stofnað í Bandaríkjunum fyrir um fjórtán árum, en Dagný er útskrifaður innanhússarkitekt úr Oregonháskóla og starfaði sem slíkur í sautján ár vestanhafs. Fyrirtæki hennar, Alda Design, hefur starfað frá árinu 1992 en hún flutti alla starfsemina til landsins 2005.

„Ég sá þessa aðferð, að steypa svona þunnar flísar, á Ítalíu og á Spáni og ákvað að láta á reyna hvort ég gæti þetta ekki, en á þessum tíma voru það bara þykkar steyptar flísar sem verið var að steypa í Bandaríkjunum og hér á Íslandi." Dagnýju Öldu gekk vel að þróa flísarnar og þær urðu mjög vinsælar. Seldi hún og hannaði fyrir hús og fyrirtæki í Bandaríkjunum, meðal annars mikið til arkitekta í New York.

Litirnir eru mjög sérstakir í steypunni og hér heima eru það gráu tónarnir sem hafa verið hvað vinsælastir. „Hvítu flísarnar hafa líka höfðað til fólks en það sést lítið á þeim þegar búið er að loka yfirborðinu með þar til gerðu efni," segir Dagný Alda. Þegar hún flutti heim árið 2005 tók við tveggja ára þróunarvinna við að aðlaga framleiðsluna að íslenska steininum. „Flísarnar hafa allar verið prófaðar í bak og fyrir og eru komnar með afar gott brotþol og frostþol, miðað við staðla frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Leirflísar vilja oft draga í sig lit og bletti en með þeim aðferðum sem við notum til að loka steypunni sér lítið sem ekkert á henni."

Alda Design selur bæði beint til arkitekta og einstaklinga og hefur einnig verið með í ráðum hvað heildarhönnun húsa varðar. Dagný Alda segir að flísarnar séu vinsælastar og borðplöturnar njóti sívaxandi vinsælda. „Verðið á flísunum er á bilinu tíu til tólf þúsund krónur fermetrinn og lengdarmetri borðplötu kostar um 48.000 krónur. Við getum búið til mót í allavega stærðum eftir pöntun en það er líka orðið talsvert um það að fólk vilji fá vaska úr steypu og við höfum jafnvel steypt sólbekki fyrir fólk." Alda hyggst fara út í að kynna íslenskar steyptar vörur á Bandaríkjamarkaði. „Þetta er allt vistvæn framleiðsla, sem Bandaríkjamenn eru mjög heitir fyrir, og íslenski steinninn er skemmtilegt efni. Nú þegar við erum búin að gæðaprufa vörurnar í bak og fyrir er líklegt að við förum með vörur okkar líka til Bandaríkjanna."

*juliam@frettabladid.is*



Hægt er að fá flísarnar í ýmsum stærðum og mót eru búin til eftir pöntun.



Steyptar flísar frá Alda Design sem Dagný Alda Steinsdóttir innanhússarkitekt á og rekur hafa notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum. Íslendingar hafa verið að uppgötva steinsteypumöguleikana. MYNDIR/THORSTEN HENN



Steinvaskur og borðplata sem nýtur síaukinna vinsælda.


Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitarar
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

Rauðakrosshúsið

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Mánudagurinn 22. júní

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks og viðbrögð þess í kjölfar slíkra atburða. Tími: 12.30-14.00.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi. Allir velkomnir. Tími: 13.00-15.00.

Gítarklúbburinn - Allir velkomnir með gítarinn sinn, byrjendur jafnt sem lengra komnir. Leiðbeinandi á staðnum. Tími: 15.30-16.30.

Þriðjudagurinn 23. júní

Qi – Gong - Æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Endurlífgun og hjartarafstuðtæki - Stutt verklegt námskeið. Tími: 13.00-14.30.

Einkatímar í söng - Fullt. Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Áhugasviðskönnun - Ef þú hefur ákveðið starf eða nám í huga, getur könnunin staðfest hugmyndir þínar. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-14.30

Gleðin - Nokkrar hugleiðingar um gleðina í lífi okkar. Hvað er gleði og hvernig nærir hún líf okkar? Hvaðan sprettur gleðin? Umsjón: Sr. Irma Óskarsdóttir. Tími: 15.00-16.00.

Miðvikudagurinn 24. júní

EuroRAP öryggisúttekt á íslenska vegakerfinu - Hvaða vegir eru góðir? Hvaða vegir eru hættulegastir? Hvað er mikilvægast að lagfæra? Öryggisúttektin eykur vitund vegfarenda og eflir umferðaröryggi. Tími: 13.00-14.00.

Tölvuaðstoð - Tími: 13.30-14.30.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Leiðin til lífshamingju eftir Dalai Lama. Tími: 14.00-15.00.

Hjól og hjólreiðar - Á þessu stutta og hagnýta námskeiði verður farið í nokkur lykilatriðið hjólreiða. Gefnar verða hagnýtar ráðleggingar um fatnað, hvernig best er að beita sér við hjólreiðar og nota gírana til að létta lífið í brekkum og roki. Farið verður yfir hvernig best er að stilla hjól og sinna einföldu viðhaldi. Allir hvattir til að koma með hjólin sín og fá persónulega ráðgjöf og aðstoð. Tími: 15.00-17.00.

Fimmtudagurinn 25. júní

Afneitun og réttlætingar – fylgifiskur áfalla - Ráðgjafar frá Lausninni (www.lausnin.is) halda fyrirlestur um afneitun og réttlætingar og afleiðingar þess á fjölskyldulífið. Annar hluti af þremur sjálfstæðum fyrirlestrum. Boðið verður upp á einstaklingsráðgjöf að fyrirlestri loknum. Tími: 13.00-14.00.

Föndur, skrapp myndaalbúm - Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm fyrir uppáhalds myndirnar þínar. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagurinn 26. júní

Einkatímar í söng - Fullt. Umsjón: Hulda Björg Víðisdóttir, söngkennari. Tími: 12.00-14.00.

Malaví - Fjallað verður um Malaví í máli og myndum með áherslu á daglegt líf. Í lokin verður boðið upp á þjóðaréttinn Nsima. Tími: 13.00-14.00.

Brjóstsykursgerð - Vissir þú að það er auðvelt að búa til sinn eigin bragðgóða brjóstsykur? Á þessari kynningu eru sýnd réttu vinnubrögðin við brjóstsykursgerð og auðvitað fá allir smakk með heim. Skráning nauðsynleg. Tími: 14.30-15.30.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

fasteignasalan GARÐUR
S. 562 1200 862 3311
Skipholti 5

Kári Fanndal Guðbrandsson,
Sigrún Sigurpálsdóttir,
lögg. fasteignasali.

TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI



OPIÐ HÚS Í DAG
ÁRSALIR 3, KÓPAVOGI, ÍBÚÐ 0102

Til sölu gullfalleg 4ra herbergja 122,3 fm íbúð á jarðhæð. Íbúðin er stofa, 3 svefnherbergi, rúmgott baðherbergi, eldhús og innaf því þvottaherbergi, forstofa og hol sem nýtist vel sem sjónvarpsherbergi. Vönduðu fullbúin íbúð. Sér suðurgarður með góðri timburverönd.

SJÓN ER SÖGU RÍKARI
Íbúðin er sýnd í dag frá kl. 18.00 til 19.00.

hof fasteignasala
564 6464
Stórhöfða 33
110 Reykjavík
hof@hofid.is
www.hofid.is
Guðm. Björn Steinþórsson, lögg. fasteignasali





Opið hús - Sóleyjarimi 9
Í dag frá kl. 17.00 - 18.30
verður glæsileg 134,6 fm endaíbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsii til sýnis og sölu. Íbúðin sem er fyrir 50 ára og eldri er með vönduðum innréttingum og gólfefnum, sér inngangur er af svölum og stæði í lokaðri bílageymslu. **Ásett verð er 33,5 millj. en sérstakt tilboðsverð kr. 29,9 millj gildir út þessa viku.**

## Eignamiðlun kynnir nýtt á sölu

Mjög vel staðsett lóð undir einbýlishús á mjög góðum stað á Seltjarnarnesi. Lóðin sem er ca 900 fm er staðsett innarlega í lokuðum botnlanga með mögulegu góðu útsýni til vesturs og norðurs. Gert ráð fyrir að byggt verði einbýli á lóðinni.

**Allar upplýsingar gefur Þórarinn Friðgeirsson hjá Eignamiðlun í síma 899-1882 eða 588-9090**

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · S. 588 9090 · fax 588 9095
www.eignamidlun.is · eignamidlun@eignamidlun.is Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

## FASTEIGNASALA ÍSLANDS

VEGMÚLA 2 • SÍMI 588 5060 • FAX 588 5066
Haukur Geir Garðarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

### AUSTURBRÚN - ÚTSÝNI 2



Vorum að fá í einkasölu 2ja herbergja íbúð ofarlega í lyftuhúsi með stórkostlegu útsýni. Stofa með suður svalir. Eldri innréttingar og gólfefni. Hér er tækifæri. LAUS STRAX. VERÐTILBOÐ.

### ÁLFHÓLSVEGUR – LAUS 2



Vorum að fá í einkasölu fallega 3ja herb. íb. á 2. hæð í þríbýli með góðum suðursvölum. Áhv. hagstætt 11 millj. kr. lán með 4,2% vöxtum. Góð staðsetning. LAUS STRAX. Ásett verð 17,3 millj.

### VÍFILSGATA – BYGG.RÉTTUR 3



Vorum að fá í einkasölu fallega og mikið endurnýjaða 3ja herb. efri hæð í þríbýli ásamt byggingarrétti. Suður svalir. Nýl. parket. Verð 20,8 millj.

### BOÐAGRANDI – BÍLSK. -LÆKKAÐ Einbýli



Einbýli á einni hæð á rólegum og góðum stað. Stofur, 3-4 svefnherbergi. Hellulögð suður og vestur verönd. Góður bílskúr. Stutt í skóla, íþróttir, sund og fl. Skipti ath. Verð 39,5 millj.




Eignin er á kyrrlátum stað í Grafarholti. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Eign í kyrrlátu hverfi

**Efri sérhæð í tvíbýlishúsi í Grafarholti til sölu.**

Heimili fasteignasala er með á skrá efri sérhæð í tvíbýlishýsi við Ólafsgeisla 125 í Grafarholti. Eignin er skráð 176 fermetrar, þar af er íbúðarrými 148 fermetrar og bílskúr 28 fermetrar.

Á hæðinni eru þrjú svefnherbergi; hjónaherbergi með parkettlögðu gólfi og inn af því er fataherbergi. Tvö barnaherbergi með fataskápum og parkettlögðu gólfi eru á hæðinni. Baðherbergi er flísalagt, með baðkari, sturtuklefa og innréttingu. Eldhús er rúmgott, búið innréttingu og tækjum. Stofa er björt, með arni og útgangi á svalir í suður með góðu útsýni um Grafarholtið. Þvottahús er með innréttingu. Þaðan er innangengt í bílskúrinn.

Eignin þykir vandlega hönnuð, þar sem efnisval, innréttingar og tæki eru af vönduðum toga. Þá er hún á kyrrlátum stað.

Þess skal jafnframt getið að seljendur eru í leit að stærra einbýli.

Allar nánari upplýsingar má nálgast hjá Heimili fasteignasölu.


## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

Fasteignasala fólksins í landinu



**Jónsgeisli - skipti.**
Endaraðhús á tveim hæðum. Björt stofa með arni. Fjögur stór herbergi. Fallegt útsýni. Innb. bílskúr. Góð staðsetning með útsýni. Skipti á minni eign eða eignum, janfvel bifreið.



**Ásbraut Kóp.**
Vel skipulögð endaíbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Íbúðin er um 105 fm og bílskúrinn 25 fm. Laus fljótlega. Verð 24,0 millj.



**Miðtún - Sérhæð.**
Vönduð mikið endurnýjuð 133 fm íbúðarhæð . Eignin er hæð og ris í bakhúsi. Skjólgóðu r bakgarður í suður, 3-4 svefnherbergi, og tvær bjartar stofur. Ákveðin sala, Áhv 22 m af góðum lánum.



**Ólafsgeisli - efri sérhæð.**
Glæsileg 150 fm sérhæð og 30 fm bílskúr. Eignin er í fallegu tvíbýlishúsi á einstökum útsýnisstað í Grafarholtinu. Útsýni yfir holtið og golfvöllinn.



**Bugðulækur - 5 herb**
Góð 120 fm sérhæð á góðum stað við Laugardalinn. 4 svefnherbergi, vestur svalir og mikið útsýni. Hús og íbúð mikið endurbætt. Góð eign. V. 28,9 m.



**Rauðalækur - 5 herbergja.**
120 fm sérhæð í fjórbýlishúsi. Húsið er mikið endurbætt, lagnir, þak, lóð og bílastæði ásamt viðgerðum að utan og málningu. V. 28,0 m.



**Trggvagata - flott studío.**
Mjög vel skipulögð stúdíóíbúð sem hentar vel fyrir einstakling eða par. Parket á gólfum og fallegar innr. Tengi f/ þvottavél innan íb. Verð 12,9 millj.



**Þangbakki - 2ja með útsýni.**
Góð 71 fm íbúð á efstu hæð. Parket á gólfum. Endurnýjað baðherbergi. Góð staðsetning með allri þjónustu. Verð 18,7 millj.



**Melar vesturbæ - stór sérhæð, skipt**
Höfum um 150 fm sérhæð á Melunum. Eigandi óskar eftir minni hæð í skiptum á svipuðu svæði. Nánari uppl. á skrifstofu.



**Sæviðarsund.**
Fallegt endurnýjað 180 fm raðhús með innbyggðum 20 fm bílskúr. Stór hellulög verönd í skjólgóðum garði í mikilli rækt. Nýtt eldhús, þrjú svefnherbergi ásamt vinnuherbergi og tvær stofur. V. 49,0



**Laugarnesvegur - 3ja herb.**
Góð 90 fm á 2 hæð í fallegu sjö íbúða fjölbýli. Húisð byggt 1985. Suðursvalir, fallegur bakgarður í góðri rækt V. 22,7 m.



**Litli skerjafjörður - Þrjár íbúðir**
Mikið endurnýjað 330 fm einbýli á eignarlóð í Litla Skerjafirðinum. í húsinu eru tvær aukaíbúðir og góðir tekjumöguleikar. Gott hús á góðum stað - makaskipti á ódýrari eign.



**Miðhús.**
Flott 175 fm einbýlishús á góðum útsýnisstað með sérstandandi bílskúr. Fallegur garður með afgirtri verönd. V. 48,0 m .



**Til leigu á Spáni.**
Höfum til leigu sérlega góða og vel staðsetta penthouse íbúð rétt við strönd. Staðsetning rétt við Torrevieja. Allur aðbúnaður fyrsta flokks. Leigist viku fyrir viku - sanngjart verð. Nánari uppl. veitir Finnbogi.

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ

Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

## Súluhöfði - Parhús




Mjög fallegt 167,7 fm parhús m/bílskúr innst í litlum botnlanga við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í 3 rúmgóð svefnherb., stofu, sjónvarpshol, stórt eldhús, baðherb. m/sturtu og hornbaðkari, sér þvottahús og góða geymslu/vinnuherb. Rúmgóður 29,3 fm bílskúr með millilofti. Steypt (Bomonite) bílaplan með snjóbræðslu og stór hornlóð.
**V. 44,9 m. 4600**



**Bjartahlíð - 3ja herbergja** Rúmgóð og vel skipulögð 127,5 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Björtuhlíð 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, borðstofu, stofu, sólstofu, eldhús m/borðkrók, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og geymslu/þvottahús.
**V. 25,9 m. 4609**



**Þrastarhöfði - 3ja herbergja** Glæsileg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ, ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er mjög glæsileg með fallegum og vönduðum innréttingum. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. **V. 23,9 m. 4515**



**Klapparhlíð - 3ja herbergja** 3ja herbergja, 81,9 fm íbúð á efstu hæð með sérinngangi í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Rétt hjá húsinu er leikskólinn Hulduberg, grunnskólinn Lágafellsskóli, glæsileg sundlaug og World Class. **LÆKKAÐ VERÐ! V. 19,9 m 4396**



**Hjallahlíð - 2ja herbergja** Björt og falleg 65,8 fm 2ja herbergja íbúð á annarri hæð með sérinngangi. Íbúðin skiptist í forstofu, stórt herbergi, geymslu sem nú er notuð sem barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og geymsluloft. Þetta er mjög vel staðsett eign, stutt er í skóla, leikskóla, sund, World Class og á golfvöllinn. **V. 17,9 m. 4608**

## Reykjavík



**Fannafold - 3ja herbergja** Mjög falleg 100,3 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérlóð. Tvö rúmgóð svefnherbergi og góð geymsla með glugga(möguleiki að nota sem herbergi eða vinnuaðstöðu) Björt stofa. Nýleg timburverönd og fallegt útsýni til suðvesturs. **Íbúðinni fylgir bílskúrsréttur - plata komin. V. 24,9 m. 4601**



**Grýtubakki - 2ja herbergja** 76,9 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði við Grýtubakka 4 í Reykjavík.
**Eignin er laus til afhendingar strax!**
**V. 16,4 m. 4610**



**Skálagerði - 3ja herbergja + bílskúr** Falleg 88,5 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð ásamt 18,4 fm bílskúr í litlu fjölbýli við Skálagerði 4 í Reykjavík.
**V. 26,5 m. 4599**



**Maríubaugur - 4ra herbergja + bílskúr** Rúmgóð og falleg 119,5 fm, 4ra herbergja íbúð á annarri hæð ásamt 25,9 fm bílskúr við Maríubaug í Reykjavík. Íbúðin skiptist í þrjú góð svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, anddyri, geymslu, eldhús, borðstofu og stofu.
**Lækkað verð! V 27,9 m. 3723**

## Kópavogur - Laufbrekka 19 - Sérhæð m/aukaíbúð





Falleg 107,9 fm neðri sérhæð við Laufbrekku í Kópavogi, ásamt 44,6 fm aukaíbúð á jarðhæð. Fallegar innréttingar, vönduð tæki, arinn í stofu, parket og náttúruflísar á gólfum.

**Eignin er laus til afhendingar strax!**

**V. 35,9 m. 4598**

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00 Í Laufbrekku 19.**

FASTEIGNA MIÐLUN

**Síðumúla 11 – Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali**



**FJÁRFESTING - LEIGUÍBÚÐIR**
Höfum fengið til sölumeðferðar þetta 12 íbúða fjöleignarhús. Um er að ræða leiguíbúðir sem allar eru í útleigu. Átta 3ja herb. íbúðir og fjórar 2ja herb. íbúðir. Húsið er alls 1.254 fm. Áhv. 174 millj. lán frá Íbúðalánasjóði. Selst allt í einum pakka. Einstakt tækifæri - mjög hagstætt verð pr. íbúð. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 11.



**HÓLABERG**
Mikið endurnýjað 128,2 fm endaraðhús á tveim hæðum á góðum stað í Breiðholti. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, sjónvarpshol, fjögur svefnherb. eldhús, flísalagt baðherb., snyrtingu o.fl. Verð 29,9 millj.



**ÓÐINSGATA**
3ja herbergja neðri hæð í tvíbýlishúsi með sér inngangi ásamt útigeymslu. Hæðin er forstofa, baðherbergi, stofa og borðstofa, eldhús og svefnherbergi. Áhv. 11,8 millj. Verð 19,9 millj.



**HLÍÐARHJALLI - KÓP**
4ra herbergja 93,2 fm íbúð á efstu hæð á þessum vinsæla stað í Kópavogi. Íbúðin skiptist m.a. í stofu með útgangi út á svalir, eldhús, baðherb., tvö til þrú svefnherb. o.fl. Verð 20,8 millj.



**FROSTAFOLD - SÉR INNGANGUR**
Vorum að fá í sölu 2-3 herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjöleignarhús, sér inngangur er af svölu. Yfirbyggðar suður svalir að hluta. Tvö svefnherbergi. Áhv. 9,7 millj. Verð 18,9 millj.

**Fasteignamidlun.is – Allar eignir á fasteignir.is**

# Kjóastaðir III - tækifæri í ferðaþjónustu







Til sölu Kjóastaðir III, Biskupstungum. Hér er tilvalið tækifæri fyrir þá sem vilja flytja í sveit. Miklir möguleikar í ferðaþjónustu á fjölfarnasta ferðamannastað landsins og frábær aðstaða til að stunda hestamennsku og hrossarækt. Allur húsakostur var byggður á árunum 2006 – 2008. Kjóastaðir eru í hjarta „Gullna Hringsins" eða mitt á milli Gullfoss og Geysis, u.þ.b. klukkutíma akstur frá Reykjavík. Tilboð óskast í eignina og lánamöguleikar í boði. Skipti möguleg.

MIKLABORG
Jason Guðmundsson, lögfræðingur og lögg. fasteignasali
GSM 899 3700

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Magnús Leopoldsson lögg fasteignasali sími 550 3000



NOKKUR ORÐ

**Þórunn Elísabet Bogadóttir**

# Hvar er sumarið?

Síðustu mánuði hefur tilhugsunin um sumarið stundum verið það eina sem hefur haldið manni gangandi. Í öllum ömurlegheitunum sem gengu hérna á var allavega hægt að hugsa til þess að bráðum kæmi betri tíð og allt yrði nú skárra þá. Það er nefnilega einhvern veginn þannig að allt er betra í sólskini. Að minnsta kosti fyrir Íslendinga sem mega þola kulda og myrkur svo oft. Það var ótrúlega oft sem ég lét mig dreyma um sólböð, útilegur, hangs á Austurvelli og Klambratúni, grill, sund og allt hitt sem sumrinu á að fylgja í vetur. Þetta byrjaði líka vel og snemma í maí var veðrið stórgott marga daga í röð og lífið varð miklu, miklu betra. Það var eins og við lifnuðum öll við, eða röknuðum úr harkalega rotinu frá því í október. Skítt með að komast ekki til útlanda, miðborg Reykjavíkur er staðurinn til að vera á í góðu veðri. Ég hugsaði mér líka gott til glóðarinnar að vera nýlega flutt í miðbæinn, og ætlaði alltaf að drífa mig með teppi á Austurvöll þegar sólin léti sjá sig.



En eftir þessa nokkru góðu daga í maí hefur bara ekkert meira sést til sólar. Ég hef ekkert farið í sund, ekkert grillað, aldrei getað farið með teppið mitt á Austurvöll eða Klambratún og varla þurft að nota sólgleraugun mín. Og þannig verður það víst áfram, að minnsta kosti næstu daga. Veðurguðirnir eða hverjir sem stjórna þessu öllu saman hafa greinilega ákveðið að það væri ekki búið að pína íslensku þjóðina alveg nægilega mikið. Það er ekki kominn tími til að leyfa okkur að gleðjast. Mér finnst það vera óþarfa vonska að sparka svona í liggjandi þjóð.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





800 7000 • siminn.is




# Milljónir laga í símann og tölvuna

## án þess að borga krónu aukalega!

Í sumar býður Síminn viðskiptavinum sínum Sumaráskrift* að Tónlist.is fyrir 0 kr. aukalega.** Þar geta þeir hlustað á uppáhaldslögin sín í símanum eða tölvunni eins oft og þeir vilja.

Þú færð ekki bara uppáhaldslagið þitt, heldur 2,5 milljónir íslenskra- og erlendra laga til viðbótar. Farðu á siminn.is, skráðu þig og njóttu þess að hlusta hvar og hvenær sem er.

*Streymi á erlendri tónlist um ADSL internetþjónustu flokkast sem erlent niðurhal, nánar á Tónlist.is.
**Viðskiptavinir í GSM áskrift, Mínu Frelsi eða ADSL internetþjónustu. Takmarkaður fjöldi áskrifta.

Það er Síminn

ENNEMM / SÍA / NM38357

# NÝJAR BÆKUR



Út er komin skáldsagan Fuglarnir eftir norska rithöfundinn Tarje Vesaas. Fuglarnir fjallar um systkinin Mattis og Hege sem búa saman í útjaðri bæjarins. Hege er harðdugleg stúlka sem prjónar þeim til lífsviðurværis og Mattis dáir hana af einlægni. Sjálfur á hann erfitt með að vinna nokkurt starf af því að hugur hans er á sífelldu flugi, en fuglamál skilur hann og náttúran opinberar honum leyndardóma sína. Tarjei Vesaas (1897–1970) er einn af stóru norrænu skáldsagnahöfundunum á 20. öld og Fuglarnir eru ein alvinsælasta bók hans. Þýðingu vann Hjalti Rögnvaldsson.



Íslenska efnahagsundrið eftir Jón F. Thoroddsen er komin út á forlagi Brúðuleiks. Bókin fjallar um helstu persónur og leikendur í íslensku efnahagslífi á árabilinu 1982-2008. Fjallað er um helstu viðskiptablokkir, eigna- og hagsmunatengsl lífeyrissjóða, stjórnmálamanna og stærstu eigenda íslensku bankanna. Höfundurinn er hagfræðingur að mennt og starfaði sem verðbréfamiðlari og þekkir því vel til hnútanna í íslensku efnahagslífi. Bókin er 141 síða að lengd með skýringum og skreytt fjölda mynda.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 22. júní 2009**

### Tónleikar



**20.30 Tríó Vadim Fydorov** flytur fanskættaða kaffihústónlist, jazz og rússneks þjóðlög á tónleikum í Gerðubergi við Gerðuberg 3-5.

### Tónlistarhátíð

**Tónlistarhátíðin** við Djúpið á Ísafirði, 18.-23. júní. Nánari upplýsingar www.viddjupid.is

**12.00** Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari heldur hádegistónleika í **Edinborg** við Aðalstræti.

**20.00 Ísafold kammersveit** heldur tónleika í Bryggjusal Edinborgarhússins við Aðalstræti.

### Menningardagskrá

**101 Tokyo,** japönsk menningardagskrá í Norræna húsinu við Sturlugötu 5. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**17.00** Matreiðslumeistararnir **Yoshida Kensaku og Tetsunori Segawa** sýna hvernig á að búa til sushi úr íslenskum fiski.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**


EINKABANKINN | SJÁLFVIRKT HEIMILISBÓKHALD

# Með einum smelli í Einkabankanum sérðu þína köku



• Fyrsta sjálfvirka heimilisbókhaldið
• Enginn innsláttur í Excel og engir útreikningar
• Þú velur hvaða reikningar og kort mynda kökuritið
• Færslurnar eru flokkaðar fyrir þig
• Hægt er að endurnefna og endurflokka færslur

Heimilisbókhaldið er í Einkabankanum þér að kostnaðarlausu.
Kynntu þér málið á landsbankinn.is.

Landsbankinn




410 4000 | landsbankinn.is

ENNEMM / SÍA / NM38300 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080

HÖFÐI

Suðurlandsbraut 20 Sími 533 5050 Faxnr. 533-6055 www.hofdi.is

**Norðurtún 14 Álftanesi**




Fallegt og vel skipulagt 202 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Hellulögð innkeyrsla og verönd með heitum potti. 4 svefnherbergi. Eignin er laus fljótlega. Verð 39,9 millj.

**Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasli hjá Höfða, asmundur@hofdi.is Gsm: 895 3000.**

**Árskógar 6**




Vorum að fá í sölu glæsilega 94 fm þriggja herbergja endaíbúð á 11.hæð í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara. Íbúðin snýr í suð vestur. Einstakt útsýni. Laus strax. Verð 34,9 millj.

**Allar nánari uppplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasli hjá Höfða S: 895 3000.**

**Skorradalur**




8532 fm kjarrivaxin eignarlóð í landi Indriðastaða. Frábært útsýni yfir vatnið. Leyfilegt að byggja allt að 120 fm hús. Óbyggt svæði við lóðina. Verðhugmynd 8,9 eða tilboð.

**Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali hjá Höfða S: 895 3000.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

# Draumkennt og heiðarlegt

Hljómsveitin Árstíðir hefur gefið út sína fyrstu plötu og var hún alfarið tekin upp lifandi. „Til að gera hljóðheiminum sem best skil og halda heiðarleikanum ákváðum við að taka þann pól í hæðina að hafa þetta lifandi,“ segir Ragnar Ólafsson um plötuna. „Það var bara talið í og spilað allt lagið í gegn. Ef mistök voru gerð þá fengu þau að fylgja. Við vildum hafa þetta eins heiðarlegt og hægt er.“

Tónlist Árstíða er þjóðlagaskotin og er undir áhrifum frá flytjendum á borð við Neil Young, Eagles og CSN. „Þegar það bættist við selló og píanóleikur hjá okkur varð hljómurinn meira íslenskur og svolítið draumkenndari. Okkur finnst við hafa fundið okkar „sánd“,“ segir Ragnar.

Tvö lög af nýju plötunni hafa þegar hljómað á öldum ljósvakans; Sunday Morning og Látum okkur sjá. Einnig hafa Árstíðir vakið athygli fyrir lagið Með hallandi höfði sem er íslensk útgáfa af Helplessly Hoping með CSN. Hinn 25. júní leggur hljómsveitin í átján daga tónleikaferðalag um landið ásamt Svavari Knúti og Helga Vali undir yfirskriftinni Hver á sér fegra föðurland. - fb



**ÁRSTÍÐIR** Hljómsveitin Árstíðir hefur gefið út sína fyrstu plötu. Tónleikaferð um Ísland hefst 25. júní.



**HRÓARSKELDA** Íslendingum sem fara á Hróarskelduhátíðina hefur snarfækkað í ár vegna kreppunnar.

MYND/KRISTJÁN

# Nokkur hundruð á Hróarskeldu

**Hróarskelduhátíðin hefur verið vinsæl meðal rokkþyrstra Íslendinga sem hafa flykkst til Danaveldis í hundraða tali í byrjun júlí. Kreppan setur hins vegar strik í reikninginn í ár.**

Aðeins hafa nokkur hundruð miðar selst hérlendis á hátíðina í ár. Þetta er mikil breyting frá því í fyrra þegar 860 miðar seldust.

„Þetta er mjög lítið miðað við síðustu ár en ég hef trú á að fólk ákveði þetta á síðustu stundu þegar aðstæður eru svona,“ segir Tómas Young, talsmaður hátíðarinnar, sem vildi þó ekki gefa upp nákvæma tölu. „Maður bjóst alveg við þessu fyrst miðinn er á þessu verði. Ef miðinn kostar 47.900 eins og í dag er eðlilegt að fólk sjái það eins og Everest, þótt þetta sé örugglega ódýrasta ferðin sem fólk getur farið í til útlanda því það þarf ekki að borga gistingu.“ Miðinn í fyrra var á bilinu 24 og 30 þúsund krónur og því hefur verðið næstum tvöfaldast vegna lágs gengis íslensku krónunnar.

Forsvarsmenn Hróarskelduhátíðarinnar íhuguðu að bjóða Íslendingum ókeypis ferðir á hátíðina en hættu við vegna mikils kostnaðar. „Hátíðin sá ekki hag í því að kaupa 50 þúsund króna flugmiða til að selja 47 þúsund króna miða. Það er augljóst tap af því,“ segir Tómas.

Um 40 þúsund manns hafa keypt miða á hátíðina ár, sem er töluvert minna en í fyrra þegar um 75 þúsund manns sóttu hana heim. Hefur efnahagskreppunni verið kennt um þennan dvínandi áhuga.

Dagskrá hátíðarinnar lítur engu að síður glæsilega út því á meðal flytjenda eru Oasis, Coldplay, Kanye West, Fleet Foxes, Pete Doherty og Hjaltalín. - fb


STÆRSTA BÍÓOPNUN Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2009




28.000 GESTIR - LANG VINSÆLASTA MYNDIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 5:50 - 8D - 8:30 - 10:20D - 11 | 12 |
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MANAGEMENT | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 5:50(3D) | L |
| THE LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 10:20 | 16 |
| STAR TREK XI | kl. 8 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 6 - 6:50 - 8D - 9D - 10:20 | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 | L |
| ANGELS AND DEMONS | kl. 10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER | kl. 8 - 10 | 12 |
| ADVENTURELAND | kl. 8 | 12 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:10 | 12 |

vertu aðdáandi á FACEBOOK og þú gætir unnið vegleg verðlaun
http://facebook.sambioin.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| YEAR ONE LÚXUS | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 3.45 | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5–8–10.45 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 6 - 8.30 - 10.40 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| TERMINATOR | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 5.40 - 8 | L |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 10.20 | 14 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST | kl. 6, 8 og 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ (ATH!!! 750kr.) | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8 og 10.15 | 14 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 4 og 6 | L |

Hluthafafundur
Landic Property hf.

LANDIC PROPERTY

Hluthafafundur Landic Property hf. verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins, Kringlunni 4-12 í Reykjavík, mánudaginn 29. júní 2009 nk. og hefst kl. 11:00.

Dagskrá:

1. Breytingar á samþykktum félagsins, en tillögur stjórnar eru helstar:
   a. Tillaga um lækkun hlutafjár félagsins að fullu og hækkun upp í lögbundið lágmark.
   b. Tillaga um að breyta heimild stjórnar til að gefa út nýtt hlutafé.
   c. Tillaga um breytingu á boðun hluthafafunda.
   d. Tillaga um að aðalfund skuli halda fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.
2. Stjórnarkjör
3. Önnur mál

Framangreindar tillögur liggja frammi á skrifstofu félagsins til frekari kynningar fyrir hluthafa.
Stjórn Landic Property hf.

| Kringlunni 4–12 | 103 Reykjavík | www.landic.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Við keyrum of hratt. Stundum er það vegna þess að við erum að flýta okkur og stundum vegna þess að okkur finnst það skemmtilegt. Og stundum er það einfaldlega vegna þess að okkur líður þannig. Hækkum jafnvel í tónlistinni og finnum fyrir einhverri sérkennilegri frelsistilfinningu. Okkur finnst ekkert mál að keyra of hratt. Við samþykkjum það sem eðlilegan hlut, eitthvað sem allir gera. Réttlætum það meira að segja með því að hraðatakmörkin séu of lág. Við keyrum of hratt. Og okkur finnst það allt í lagi.
Þessi hugsun kostar sum okkar lífið.

# HÆGÐU Á ÞÉR

UMFERÐARSTOFA

> Allt á Vísi

Fréttablaðið bendir lesendum á að hægt er að finna umfjöllun um alla leiki gærkvöldsins í Pepsi-deild karla á íþróttavef Vísis. Þar birtist umfjöllun um leikina, tölfræði, einkunnir og viðtöl við leikmenn og þjálfara. Á Vísi er einnig öllum leikjum deildarinnar lýst með beinni texta- og atburðarlýsingu á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins. Þeir sem fylgjast með á Vísi eru vel upplýstir.



# sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ: VARÐ EFST Í RIÐLI SÍNUM Í UNDANKEPPNI EM ÞRÁTT FYRIR JAFNTEFLI GEGN EISTLANDI

## *Íslenski sendiherrann til bjargar með derhúfu*

Ísland gerði í gær jafntefli, 25-25, gegn Eistlandi í borginni Pölva að viðstöddum 800 áhorfendum. Þetta var lokaleikur liðanna í undankeppni EM 2010 og var Ísland búið að tryggja sér farseðilinn til Austurríkis þar sem úrslitakeppnin fer fram á næsta ári. En Ísland og Noregur voru enn að bítast um efsta sæti riðilsins. Þar sem að Norðmenn töpuðu fyrir Makedóníu á útivelli, 30-29, dugði stigið til að tryggja Íslandi efsta sæti riðilsins. Þar með voru Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og hans menn ekki að svekkja sig á jafnteflinu í gær.

„Niðurstaðan eftir þetta er sú að við unnum riðilinn og það sem meira er að við fórum taplausir í gegnum okkar leiki í honum. Við vitum að við spiluðum ekki vel í dag en það er búið að mæða töluvert á liðinu að undanförnu og við erum mjög sáttir við heildarniðurstöðuna. Sú staðreynd að í dag vantaði níu leikmenn sem fóru á Ólympíuleikana fyrir tæpu ári síðan segir sína sögu."

Síðan Ólympíuleikunum lauk hafa meiðsli hrjáð



leikmenn íslenska landsliðsins og því kærkomið sumarfrí framundan fyrir þá. „Við förum aldrei með sama liðið inn í leikina en samt sem áður fannst mér liðsheildin eða stemningin í hópnum aldrei bregðast. Ég er mjög stoltur af því að hafa unnið riðilinn og hafa farið taplaust í gegnum hann."

Afar óvenjuleg staða kom upp í leiknum í gær. Sólin skein inn í íþróttahúsið í Pölva með þeim hætti að það blindaði Hreiðar Guðmundsson markvörð sem og flesta varnarmenn íslenska liðsins.

„Ég hef aldrei upplifað annað eins á ferlinum," sagði Guðmundur sem segir að hann hafi farið fram á að leikurinn yrði stöðvaður. Svo var ekki gert. „En Hannes Heimisson sendiherra var á leiknum með konu sinni og með honum var drengur sem átti derhúfu. Hann hljóp því út í bílinn sinn, náði í derhúfuna og kom henni til okkar. Þetta var Manchester United-derhúfa sem kom Hreiðari að mjög góðum notum enda var hann algjörlega blindaður. En sendiherrann var afar fljótur að hugsa og bjargaði leiknum fyrir okkur," sagði Guðmundur og hló. „Þetta var allt saman með ólíkindum. Alveg fáránlegt."

## ÚRSLIT

### *Undankeppni EM 2010*

**Eistland - Ísland** 25-25

**Mörk Íslands (skot)**: Ragnar Óskarsson 7/4 (8/4), Vignir Svavarsson 4 (4), Sigurbergur Sveinsson 4 (8), Heiðmar Felixson 3 (6), Alexander Petersson 3 (10), Þórir Ólafsson 3/1 (4/1), Fannar Friðgeirsson 1 (2), Ingimundur Ingimundarson (1), Stefán Baldvin Stefánsson (1).
**Varin skot**: Hreiðar Levý Guðmundsson 9/1 (19/3) 47%, Björgvin Páll Gústavsson 8 (23/2) 35%.
**Hraðaupphlaup**: 4 (Vignir 3, Þórir).
**Fiskuð víti**: 5 (Þórir, Fannar, Vignir, Heiðmar, Sigurbergur).
**Utan vallar**: 10 mín.

**Makedónía - Noregur** 30-29

### *Pepsi-deild karla*

**Keflavík - Fjölnir** 3-1
1-0 Magnús Matthíasson (12.), 2-0 Magnús Þorsteinsson (20.), 3-0 Haukur Ingi Guðnason (81.).

**Fylkir - Grindavík** 2-3
1-0 Ingimundur Óskarsson (7.), 1-1 Jóhann Helgason (48.), 1-2 Scott Ramsay (52.), 1-3 Gilles Ondo (80.), 2-3 Albert Brynjar Ingason (90.).

**FH - Þróttur** 4-0
1-0 Matthías Vilhj. (43.), 2-0 Atli Guðnason (56.), 3-0 Matthías V. (86.), 4-0 Atli V. Björnsson (90.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 8 | 7 | 0 | 1 | 22-6 | 21 |
| Stjarnan | 7 | 5 | 1 | 1 | 20-9 | 16 |
| KR | 8 | 4 | 2 | 2 | 14-9 | 14 |









# Þaggað niður í KR-ingum

**Það heyrðist lítið í KR-ingum, innan vallar sem utan, í leik liðsins gegn Fram á Laugardalsvellinum í gær. Fram vann 3-0 sigur sem var þó síst of stór, en þeir röndóttu virtust engin svör eiga við sprækum sóknarmönnum Framaranna.**

FÓTBOLTI Fram vann í gær 3-0 sigur á KR í Pepsi-deild karla. Hjálmar Þórarinsson skoraði tvö marka Fram og Almarr Ormarsson eitt. Þetta var fyrsti sigur Fram í deildinni síðan í fyrstu umferðinni en til þessa hafði KR aðeins tapað fyrir Íslandsmeisturum FH í naumri viðureign í Frostaskjólinu. Í gær voru þeir röndóttu með buxurnar á hælunum.

Miðjan, hinn öflugi stuðningsmannahópur KR, lét ekki heyrast múkk í sér allan leikinn, en það mun vera vegna þess að hópurinn er að mótmæla því að ekki nægilega margir uppaldir KR-ingar séu í liðinu. En hvort þeir sem léku í gær voru uppaldir í vesturbæ Reykjavíkur eða ekki skipti litlu máli - flestir voru þeir jafn lélegir.

„Þetta var virkilega dapurt af okkar hálfu," sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, eftir leik. „Við vorum með nánast alla frammi í upphafi seinni hálfleiks og skiljum við vörnina þannig að þeir komast í hraðaupphlaup og tókst að gera það sem þeir ætluðu sér allan tímann. Við gengum í gildruna í stað þess að vera yfirvegaðir og gera betur."

Leikurinn var rólegur í fyrri hálfleik. KR hélt boltanum ágætlega en gekk illa að skapa hættu. Framarar fengu tvö góð færi og óx ásmegin eftir því sem á leið.



SKREFINU FRAMARAR Paul McShane og félagar hans í Fram unnu sanngjarnan sigur á KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Heimamenn skoruðu svo tvö mörk með mínútu millibili í upphafi síðari hálfleiks.

„Við ætluðum að láta þá koma og sækja á okkur en þá gengum við í gildruna. Það var lítið að gera í því eftir að þeir skoruðu tvö mörk."

Fram hefði getað raðað mörkunum inn eftir þetta en þriðja markið kom ekki fyrr en fimm mínútur voru til leiksloka. Sigurinn var því síst of stór.

„Við lögðum upp með að byrja rólega því við ætluðum ekki að fá á okkur mark," sagði Jón Sveinsson, aðstoðarþjálfari Fram. Þorvaldur Örlygsson þjálfari er staddur erlendis. „Fyrri hálfleikurinn var á þeim nótum. En við vissum að möguleikarnir í sóknarleik okkar voru til staðar og þegar KR-ingar opnuðu sig og færðu sig aðeins framar á völlinn fengum við okkar sénsa."

Fram hefur nú unnið tvo leiki í röð þar sem liðið vann Njarðvík í bikarkeppninni fyrr í vikunni.

„Það var í raun vendipunktur fyrir okkur að vinna í bikarnum því það var mjög góður leikur og ekki ósvipaður þessum. Við höfðum reynar mátt nýta færin okkar betur en það hefur verið okkar hausverkur í sumar. En við höfum gefið mjög fá færi á okkur."

Framarar áttu vissulega skínandi góðan leik í gær og bar lítið á þeim leiðinlega fótbolta sem liðið hefur svo oft boðið upp á. Liðið var sérstaklega sprækt í síðari hálfleik þegar það óð í hverju færinu á fætur öðru enda átti liðið að skora mun fleiri mörk.

eirikur@frettabladid.is

**FRAM 3-0 KR**

*1-0 Hjálmar Þórarinsson (51.)*
*2-0 Almarr Ormarsson (52.)*
*3-0 Hjálmar Þórarinsson (85.)*

Laugardalsvöllur, áhorf.: 1.034
Magnús Þórisson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–10 (5–5) |
| Varin skot | Hannes 5 – Stefán Logi 1 |
| Horn | 5–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–6 |
| Rangstöður | 5–0 |

**Fram 4–4–2** Hannes Halldórsson 7, Daði Guðm. 6, Auðun Helgason 7, Kristján Hauksson 7, Sam Tillen 7, Paul McShane 7, Halldór Jónsson 6, Ingvar Ólason 6 (86. Jón G. Fjólus. -), Heiðar Geir Júlíusson 7, Almarr Ormarsson 8 (90. Grímur B. Grímss. -), ***Hjálmar Þórarinsson 8** (89. Ívar Björnsson -)

**KR 4–3–3** Stefán Logi Magnússon 5, Skúli Jón Friðgeirsson 5, Grétar Sigurðarson 4, Mark Rutgers 2, Jordao Diogo 3, Gunnar Örn Jónsson 4, (58. Óskar Örn Hauksson 5), Jónas Guðni Sævarsson 4, Baldur Sigurðsson 2, Bjarni Guðjónsson 5, Guðmundur Benediktsson 5 (72. Atli Jóhannsson -), Prince Rajcomar 2 (61. Guðmundur Pétursson 6).

Grindavík lagði lánlausa Fylkismenn í Árbænum í gær:

# Grindvíkingar af botninum

FÓTBOLTI Grindavík lyfti sér úr neðsta sæti í það níunda með góðum, 3-2, sigri á lánlausum Fylkismönnum í gær sem mistókst að komast í annað sæti úrvalsdeildarinnar.

Fylkismenn voru klaufar að fara aðeins með, 1-0, forystu inn í hálfleik í Árbænum eftir að hafa gjörsamlega ráðið ríkjum á vellinum fyrstu 45 mínúturnar.

Grindvíkingar mættu mjög ákveðnir til leiks í síðari hálfleik og komust fljótt í 2-1, en færðu sig í kjölfarið til baka og Fylkir náði aftur öllum völdum á vellinum á ný.

Grindavík náði þrátt fyrir að að komast í 3-1 þegar tíu mínútur voru til leikslóka en þrátt fyrir hverja atlögu na að marki Grindvíkinga náðu Fylkismenn ekki að minnka muninn fyrr en í uppbótartíma og kom það mark einfaldlega of seint.



„Við fengum einhverja sprautu í rassinn og komum mun sterkari til leiks í seinni hálfleik," sagði Jóhann Helgason sem skoraði fyrsta mark Grindavíkur í dag úr bylmingsskoti af 30 metra færi.

„Við mættum grimmir í öll návígi og ætluðum okkur sigur í leiknum. Við lentum undir í baráttunni á miðjunni í fyrri hálfleik en lögðum það eftir hlé." - gmi

JÓHANN HELGASON Skoraði eitt marka Grindavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir sjöunda sigur liðsins í Pepsi-deildinni í röð:

# Erum alls ekkert óstöðvandi

**FÓTBOLTI** „Það verður að spyrja einhverja aðra en mig að því hvað þarf til að stöðva okkur. Ég er bara að einbeita mér að næsta leik,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari Íslandsmeistara FH, eftir sjöunda sigurleik liðsins í röð. Að þessu sinni gegn Þrótti og var sigurinn öruggur, 4-0.

Þróttarar stóðu uppi í hárinu á FH-ingum framan af en eftir fyrsta mark FH var aldrei spurning hvernig leikurinn færi. Þróttarar arfaslakir í síðari hálfleik og FH hefði getað skorað fleiri mörk, en Sindri Snær stóð sig vel í marki gestanna. Matthías Vilhjálmsson skoraði tvö fyrir FH og nafnarnir Atli Guðnason og Atli Viðar Björnsson komu tuðrunni einnig í netið hjá Sindra.

„Við höfum ekkert unnið enn þá og verðum að halda okkur á jörðinni. Það dugar ekkert annað en að hugsa um næsta leik sem er erfiður leikur gegn Fram. Auðvitað erum við ekkert óstöðvandi en það hefur samt gengið vel upp á síðkastið. Því er ekki hægt að neita,“ sagði Heimir.

Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, var eðlilega ekki upplitsdjarfur. „Þetta var allt í lagi í fyrri hálfleik en fáum mark á okkur á slæmum tíma. Svo missum við miðvörðinn Hauk af velli með meiðsli og svo buðum við bara til veislu í síðari hálfleik. Við létum leikinn hreinlega upp í hendurnar á þeim,“ sagði Gunnar svekktur.

**- hbg**



**ÓSTÖÐVANDI?** FH-ingar fagna einu marka sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**FH 4-0 Þróttur**

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 970 — Valgeir Valgeirsson (4)

*1-0 Matthías Vilhjálmsson (43.)*
*2-0 Atli Guðnason (56.)*
*3-0 Matthías Vilhjálmsson (86.)*
*4-0 Atli Viðar Björnsson (90.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 24–11 (14–5) |
| Varin skot | Daði 5 – Sindri 8 |
| Horn | 6–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–12 |
| Rangstöður | 7–1 |

| **FH** 4–3–3 | | **ÞRÓTTUR** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 7 | Sindri Snær Jensson | 8 |
| Guðm. Sævarsson | 6 | Jón Ragnar Jónsson | 4 |
| Tommy Nielsen | 6 | Kristján Ó. Björnsson | 4 |
| Pétur Viðarsson | 6 | Haukur Páll Sigurðss. | 6 |
| Hjörtur Logi Valg. | 7 | (46. Kristinn St. Krist. | 4) |
| Ásgeir G. Ásgeirsson | 6 | Birkir Pálsson | 4 |
| (75. Björn Daníel Sv. | -) | Hallur Hallsson | 4 |
| ***Matthías Vilhj.** | **8** | Dennis Danry | 3 |
| (88. Tryggvi Guðm. | -) | Magnús Már Lúðvíkss. | 6 |
| Atli Guðnason | 7 | (79. Ingvi Sveinsson | -) |
| Atli Viðar Björnsson | 7 | Morten Smidt | 5 |
| Alexander Söderlund | 5 | Trausti Eiríksson | 2 |
| (84. Matthías Guðm. | -) | (70. Vilhj. Pálmason | 4) |
| | | Hjörtur Hjartarson | 2 |

**Maður leiksins*




Eirvík er 15 ára

Í tilefni af afmælinu höfum við endurnýjað sýningarsal okkar og bjóðum fjölda góðra afmælistilboða

Allt frá smátækjum til stórra heimilistækja á frábærum tilboðsverðum

magimix CRISTEL LIEBHERR elica smeg Miele

Verið velkomin í glæsilega verslun Eirvíkur og kynnið ykkur tilboðin hjá sölumönnum okkar.

Eirvík hefur opnað nýja vefverslun á www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is





> **Leonardo DiCaprio**

„Mér fannst ákaflega leiðinlegt í skóla. Ég átti erfitt með að einbeita mér að námsefninu því ég var svo áhugalaus. Með því að sitja nálægt einhverjum sem var klár gat ég svindlað mér í gegnum það helsta.“

***DiCaprio fer með eitt aðalhlutverkið í myndinni The Man in the Iron Mask sem Stöð 2 sýnir í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA FÆRIST NÆR GRAFARBAKKANUM

# *Hvað ertu að gera í blússu af ömmu?*

„Hvað ertu að gera í blússu af ömmu?“ spurði litli bróðir minn sakleysislega um daginn, algjörlega grunlaus um hvaða eyðileggjandi fræi hann hafði sáð í undirmeðvitund systur sinnar. „Nú er æsku minni lokið,“ hugsaði ég spæld, klædd í spánnýjan jakka sem ég hélt að væri töff. Nú þegar ég hugsa um þetta atvik átta ég mig á því að „um daginn“ var fyrir heilu ári. Enn annað greinilegt viðvörunarmerki ellinnar. Það er bara gamalt fólk sem segir „ji, mér finnst bara eins og það hafi gerst í gær!“ Blússan hangir ennþá óhreyfð inni í skáp. Kannski ætti ég að gefa annarri hvorri ömmu minni hana. Hún er samt sennilega of kerlingarleg fyrir þær.

Það er annars skrýtið hvernig maður færist nær martröðum sínum úr æsku eftir því sem árunum fjölgar. Þegar ég var lítil og síkát vissi ég til dæmis fátt óþægilegra en að hlusta á Ríkisútvarpið. Einkennilega yfirvegaðar og að mér fannst blæbrigðalausar raddir færðu fréttir af einhverju hundleiðinlegu. Viðmælendurnir höfðu alveg eins raddir. Það var næstum eins og þulirnir væru að tala við sjálfa sig upp úr svefni. Við kvöldverðarborðið var sussað ef maður ætlaði að grípa fram í fyrir fréttaþulnum með samræðum sem ekki tengdust börnunum í Eþíópíu eða öðrum hryllingi heimsins. „Af hverju þurfið þið endilega alltaf að horfa á fréttir á báðum stöðvum?“ spurðum við systkinin súr en fátt var um svör, enda enginn að hlusta.



Martröð æsku minnar hefur nú breyst í fíkn. Í leiðslu fer ég og kveiki á Ríkisútvarpinu, jafnvel þó að ég finni vel fyrir því hvernig ég eldist og færist nær grafarbakkanum með hverjum tóni sem út úr útvarpinu kemur. Stundum reyni ég að stilla mig og kveiki á FM 957 eða Bylgjunni. En áður en ég veit af er Gufan aftur komin á og ég er farin að tralla með dægurlögum Jóns Múla. Ég elska RÚV!

## MÁNUDAGUR



▶ **17.40 E.R.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.35 Two and a Half Men** STÖÐ 2



▶ **19.45 Breiðablik – Stjarnan, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 What I Like About You** SKJÁREINN



▶ **21.15 Lífsháski** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (39:56)
**17.53 Sammi** (30:52)
**18.00 Millý og Mollý** (16:26)
**18.13 Halli og risaeðlufatan** (16:26)
**18.25 Út og suður** Gísli Einarsson skyggnist um á Skrímslasetrinu á Bíldudal. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Í fótspor Tangerbúans** (Travels With a Tangerine) (2:3) Í þessum breska heimildarmyndaflokki fetar Tim Mackintosh-Smith í fótspor Ibns Battúta frá Marokkó sem fór í 120 þúsund km ferðalag um lönd íslams á 14. öld, kvæntist tíu sinnum á leiðinni og gat ótal börn.
▶**21.15 Lífsháski** (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.
**23.05 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) (e)
**23.50 Hringiða** (Engrenages) (5:8) (e)
**00.40 Kastljós** (e)
**01.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.10 Jumanji**
**10.00 Sérafhin. un homme et son Péc**
**12.05 The Last Mimzy**
**14.00 Jumanji**
**16.00 Sérafhin. un homme et son Péc**
**18.05 The Last Mimzy**
**20.00 Man in the Iron Mask** Skytturnar þrjár snúa bökum saman og ætla að steypa Loðvík 14. Frakklandskonungi af stóli með dyggri aðstoð tvíburabróður konungs.
**22.10 When a Stranger Calls**
**00.00 The Machinist**
**02.00 Damien. Omen II**
**04.00 When a Stranger Calls**
**06.00 Betrayed**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (18:25)
**09.55 Doctors** (19:25)
**10.20 The Moment of Truth** (13:25)
**11.05 Gossip Girl** (6:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (13:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (216:260)
**13.25 Winter Solstice**
**15.10 ET Weekend**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Galdrastelpurnar og Ævintýri Juniper Lee.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (2:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (11:25)
▶**19.35 Two and a Half Men** (13:24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegu þáttum um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stöðugu vandræðum með sjálfstraustið.
**20.00 So You Think You Can Dance**
**21.25 So You Think You Can Dance**
**22.50 Entourage** (7:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi tekist að skapa sér þokkalegt nafn í kvikmyndaborginni þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.
**23.20 Oprah Winfrey Presents. Mitch Albom's For One More Day**
**00.50 Bones** (15:26)
**01.35 Winter Solstice**
**03.00 ET Weekend**
**03.55 Entourage** (7:12)
**04.25 Friends** (2:24)
**04.50 Two and a Half Men** (13:24)
**05.15 The Simpsons** (11:25)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.45 US Open 2009** Útsending frá lokadegi US Open.
**19.45 Breiðablik - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
**23.00 10 Bestu - Arnór Guðjohnsen** Þriðji þátturinn af tíu í þessari mögnuðu þáttaröð en að þessu sinni er fjallað um Arnór Guðjohnsen og farið yfir feril hans.
▶**23.45 Breiðablik - Stjarnan** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**01.35 Pepsímörkin 2009**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Ítalía - Brasilía** Útsending frá leik Ítalíu og Brasilíu í Álfukeppninni.
**19.00 PL Classic Matches** Nottingham Forest - Man. Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.30 PL Classic Matches** West Ham - Bradford, 1999.
**20.00 Ítalía - Brasilía** Útsending frá leik Ítalíu og Brasilíu í Álfukeppninni.
**21.40 Egyptaland - Bandaríkin** Útsending frá leik Egyptalands og Bandaríkjanna í Álfukeppninni.
**23.20 Aston Villa - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.20 The Game** (15:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í amerísku fótboltanum.
**18.45 America's Funniest Home Videos** (37:48) (e)
**19.10 Robin Hood** (1:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. (e)
▶**20.00 What I Like About You** (7:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York.
**20.30 Matarklúbburinn** (1:8) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti.
**21.00 One Tree Hill** (22:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
**21.50 CSI** (23:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**22.40 Penn & Teller. Bullshit** (9:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.
**23.10 The Dead Zone** (2:13) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. (e)
**00.00 Flashpoint** (8:13) (e)
**00.50 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldað Íslenskt** Matreiðsluþáttur þar sem sýnt er hvernig best sé að elda íslenskar kjötafurðir
**20.30 Frumkvöðlar** Gestir þáttarins eru Gísli Gíslason, Sighvatur Lárusson og Sturla Sighvatsson.
**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson annast umsjón.
**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Gott í MATINN
– FYRIR ALLA SEM ELDA –

RÍFANDI STEMNING

Það er sérstaklega hentugt að hafa rifna osta við höndina í eldhúsinu. Þeir eru ómissandi í fjölda rétta eins og lasagna, pitsur, pastarétti, sósur og salöt. Nýjasta viðbótin í hópinn er Mexíkóostur sem hentar sérstaklega vel fyrir allan Tex-Mex-mat.

Uppskrift aftan á og búið að rífa ostinn. Ég bið ekki um meira.

ms.is/gottimatinn

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.25

**So You Think You Can Dance**



Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur fimmta sumarið í röð. Keppnin í ár verður með svipuðu sniði og þær fyrri. Allt byrjar þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Aldrei fyrr hafa jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þessari miklu þátttöku fylgir óhjákvæmilega að þátttakendur hafa aldrei verið skrautlegri. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas. Þar er skorið úr um hvaða sex stelpur og sex strákar komast í sjálfa úrslitakeppnina.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Matarklúbburinn**

**SkjárEinn kl. 20.30**

Nýr íslenskur matreiðsluþáttur þar sem landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur. Í fyrsta þættinum býður hún upp á þorsk með engifer og kókos og steiktar lambakótilettur með salati og bláberjais.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Dimitri og dívurnar þrjár
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**22.45** Bláar nótur í bland
**23.20** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (215:260)
**17.15 Hollyoaks** (216:260)
**17.40 E.R.** (17:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.25 Seinfeld** (13:13)
**18.45 Hollyoaks** (215:260)
**19.15 Hollyoaks** (216:260)
**19.40 Seinfeld** (13:13)
**20.15 Grey's Anatomy** (16:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Aliens in America** (1:18) Stórskemmtilegir gamanþættir um Raja,ungan skiptinema frá Pakistan sem býr hjá Tolchuck fjölskyldunni í Wisconsin. Hann er múslimi en þau sannkristinn, sambúðin gengur því ekki alltaf hnökurlaust fyrir sig.
**22.05 Cold Case** (23:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
**22.50 Prison Break** (21:24)
**23.35 Lie to Me** (2:13)
**00.20 Sjáðu**
**00.45 E.R.** (17:22)
**01.30 Grey's Anatomy** (16:24)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.15** The Inspector Lynley Mysteries **11.05** The Inspector Lynley Mysteries **11.50** After You've Gone **12.20** The Weakest Link **13.05** EastEnders **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** After You've Gone **15.05** The Inspector Lynley Mysteries **15.55** The Inspector Lynley Mysteries **16.40** EastEnders **17.10** The Weakest Link **17.55** My Hero **18.25** The Black Adder **19.00** Extras **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Torchwood **20.50** Any Dream Will Do **22.15** My Hero **22.45** The Black Adder **23.20** Extras **23.50** The Catherine Tate Show

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** OBS **11.00** Så er der pakket **11.30** Tæt på dyrene på krybskyttejagt **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **14.50** Jungletrommer **15.00** Brødrene Løvehjerte **15.30** Den travle by **16.00** Dig og mig **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Sommerminder **18.00** Ægypten **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.35** OBS **21.40** Seinfeld **22.05**

## NRK 1

**11.30** Wimbledon-revolusjon. Nytt tak på Centre Court **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Når dyr reddar liv **17.55** Borettslaget **18.25** Landeplage **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** The Street **21.15** Kveldsnytt **21.30** Derrick **22.30** Dei store krigarane **23.20** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **10.30** Kunskap och vetande **12.25** Vaxdockan **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Vårt hus - en mögelfälla **15.25** Änglar i gult **15.55** Rymden **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Chris på skolbänken **16.45** Med huvudduk och höga klackar **17.15** Via Sverige **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Hammarkullen **19.00** Kommissarie Montalbano **20.50** Kronprinsessan Victorias fond **21.00** Plus sommar **21.30** Loreena McKennitt. Nätter i Alhambra **22.25** Sändningar från SVT24


# HEFUR ÞÚ SÉÐ ÞETTA BARN?



Tugir þúsunda barna búa við örbirgð í stríðshrjáðum héruðum Kambódíu og Norður-Úganda. Þau þurfa að sjá fyrir sér með vinnu við ómanneskjulegar aðstæður og eru berskjölduð fyrir mansali og ofbeldi. Þau fá enga menntun og fara á mis við það sem við teljum eðlilega barnæsku.

Þú getur hjálpað þessum börnum og gefið þeim möguleika á menntun og betra lífi með því að gerast Heillavinur. 500–1.000 kr. framlag á mánuði getur breytt miklu í lífi barnanna. Skráðu þig á **barnaheill.is** eða í síma **580 8025**.

**Hringdu núna**

**580 8025**

eða skráðu þig á **barnaheill.is**

**Barnaheill**
Save the Children Iceland

Í 90 ára löngu starfi hafa Save the Children, alþjóðasamtök Barnaheilla, stuðlað að betra lífi milljóna barna um allan heim.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 09-0980

HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann Beggi hefur alltaf verið mikill íþróttamaður og þurfti að velja milli handboltans, fótboltans og golfsins. Eflaust hefði hann plumað sig vel í öllum þessum íþróttagreinum. Hann er mjög yfirvegaður og með kollinn í lagi en það sem ég met mest við hann er að það er hvorki til hroki né mont í honum.“*

Björk Pétursdóttir, móðir Sigurbergs Sveinssonar, landsliðsmanns í handbolta.

# Steinunn hvetur til sameiningar

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður var alveg pollróleg þótt bandalag íslenskra listamanna, BÍL, hefði látið bóka óánægju sína vegna útnefningar hennar sem borgarlistamanns á fundi menningar- og ferðamálaráðs hinn 11. júní síðastliðinn. Steinunn kaus frekar að klæða sig í búning sáttasemjara þegar Fréttablaðið leitaði eftir viðbrögðum hennar. „Á Íslandi eru nýir tímar sem kalla á aukna samvinnu og nýjar lausnir,“ segir Steinunn og bendir á að í nágrannalöndunum hafi í auknum mæli verið lögð áhersla á samvinnu milli lista, hönnunar og annarra atvinnugreina. „Á þessum einstöku tímum gefur smæð þjóðfélagsins okkur forskot og samvinna og landamæraleysi innan hinna skapandi stétta getur leyst úr læðingi krafta sem koma öllum á óvart,“ útskýrir Steinunn.

Guðmundur Oddur Magnússon, kennari í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, var harðorður í garð áheyrnarfulltrúanna tveggja þegar Fréttablaðið bar bókun þeirra undir hann á fimmtudaginn. Guðmundur Oddur sagði að ekki ætti að skipta neinu máli hvaðan góðir hlutir kæmu.

„Þessi bókun þýðir í raun að Andy Warhol og Dieter Roth hefðu aldrei getað orðið borgarlistamenn því þeir voru ekkert síður hönnuðir en listamenn.“ - fgg



**SÁTTASEMJARI** Steinunn Sigurðardóttir var pollróleg þótt BÍL hefði látið bóka óánægju sína með útnefningu hennar sem borgarlistamanns.



**LÁRÉTT**
**2.** blikk, **6.** pot, **8.** húsfreyja, **9.** fálm, **11.** ekki, **12.** rými, **14.** beikon, **16.** býli, **17.** mánuður, **18.** heiður, **20.** átt, **21.** skrifa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** stökk, **3.** hvort, **4.** fjölmiðlar, **5.** slit, 7. raddfæri, **10.** blekking, **13.** er, **15.** ávöxtur, **16.** kaupstaður, **19.** ólæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** depl, **6.** ot, **8.** frú, **9.** pat, **11.** ei, **12.** pláss, **14.** flesk, **16.** bæ, **17.** maí, **18.** æra, **20.** nv, **21.** rita.
**LÓÐRÉTT: 1.** hopp, **3.** ef, **4.** pressan, **5.** lúi, **7.** talfæri, **10.** tál, **13.** sem, **15.** kiwi, **16.** bær, **19.** at.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Hann var 113 ára.
2. Á Möltu.
3. Í 340 borgum.

ERVIN SHALA: DREYMIR UM MENNINGARBRÚ MILLI KOSOVO OG ÍSLANDS

# Dalafetamaðurinn með stuttmynd til Pristina

„Þetta er bara búið vera draumur fyrir mig, algjörlega frábært,“ segir Ervin Shala. Nafnið kveikir kannski ekki á neinum bjöllum hjá lesendum Fréttablaðsins og nýrakað andlitið ekki heldur. En setji menn yfirvaraskegg og örlítið meira hár, helst krullað, á Ervin kemur í ljós gríski dalafetamaðurinn Stepaponopolis úr auglýsingum Dags Kára Péturssonar fyrir MS sem vöktu mikla athygli á sínum tíma. Ervin leikur aðalhlutverkið í stuttmyndinni The Notion of Imminent Causation eftir Óskar Örn Arnarsson sem hlaut áhorfendaverðlaun Stuttmyndadaga Reykjavíkur. Stuttmyndin leggur brátt af stað í lítið ferðalag til heimalands Ervins, Kosovo, þar sem hún verður sýnd á Pristina Film Festival en formaður dómnefndar er engin önnur en Vanessa Redgrave. Draumur Ervins, um að mynda menningarbrú milli Kosovo og Íslands, er því að skríða af stað. „Við byrjum bara svona, með stuttmynd þar sem Íslendingur og Kosovo sameina krafta sína.“

Ervin flúði frá Kosovo til Íslands þegar stríðsátökin þar stóðu sem hæst fyrir ellefu árum, þá aðeins tvítugur að aldri, einn og óstuddur. Í þeim mánuði höfðu bardagar milli Frelsishers Kosovo og serbneskra lögreglu- og hersveita staðið yfir í sjö mánuði og yfir 270 þúsund manns voru á flótta. Aðstæðurnar versnuðu til muna næstu mánuði og þegar NATO hóf loftárásir á Júgóslavíu var það vegna gruns um þjóðernishreinsanir í Kosovo.

Ervin fékk við komuna vinnu hjá Fiskverkun Jónasar í Hafnarfirði og fór strax að læra tungumálið. Íslenskukennararnir hans voru þó heldur óhefðbundnir. „Já, ég hlustaði alltaf á Tvíhöfða í vinnunni og lærði tungumálið í gegnum þá. Konurnar í fiskvinnslunni hjálpuðu mér síðan með þau orð sem ég skildi ekki,“ segir Ervin og hlær.

Ervin telur að yfir fimm hundruð Kosovo-Albanar séu á Íslandi í dag og þeir halda mjög góðu sambandi sín á milli. Í dag starfar Ervin hjá sápuframleiðandanum Tandur milli þess sem hann leikur í kvikmyndum og auglýsingum. Kvikmyndaleikstjórar hafa sóst eftir balknesku útliti hans, nú síðast lék hann verðbréfasala í R.W.W.M eftir Júlíus Kemp og svipaða týpu í Brúðgumanum eftir Baltasar Kormák. „Ég ætla alla leið í kvikmyndabransanum og lifa þann draum til fulls.“

freyrgigja@frettabladid.is



**ÆTLAR AÐ LIFA DRAUMINN** Ervin Shala flúði frá Kosovo til Íslands fyrir ellefu árum og ætlar nú að láta drauminn um að verða kvikmyndaleikari rætast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Miðbærinn í Reykjavík var fullur af fólki enda viðraði vel til barsetu um helgina og þá sérstaklega á föstudagskvöldinu. Veitinga- og skemmtistaðurinn B5 var venju samkvæmt ákaflega vinsæll og þar máttu væntanlegir gestir gera sér það að góðu að standa dágóðan tíma í röð fyrir utan. Ekki þurftu þó allir að húka úti því fyrrverandi menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, og fyrrverandi sjónvarpsstjarnan Inga Lind Karlsdóttir komust nefnilega fram fyrir röðina og beint inn, við litlar vinsældir viðstaddra sem bauluðu og blístruðu þegar þetta átti sér stað.



En á meðan Inga Lind skemmti sér konunglega í miðbæ Reykjavíkur hafði fyrrverandi samstarfskona hennar úr Íslandi í dag ærna ástæðu til að fagna á heimili sínu í Vesturbænum. **Svanhildur Hólm** getur nefnilega hætt að titla sig fjölmiðlakonu og farið að kalla sig lögfræðing enda hefur hún nú lokið því námi. Ekki er annað hægt en að vorkenna þeim sem ætla að vera með eitthvert vesen við Melhaga 16, þar sem Svanhildur og Logi Bergmann búa, því nágranni þeirra er Sigurður Kári Kristjánsson, sem er jú líka lögfræðingur.



Og enn af sjónvarpsfólki því fréttamaðurinn góðkunni **Einar Þorsteinsson** var steggjaður um helgina. Einar er að fara að flytja af landi brott ásamt verðandi eiginkonu sinni og ætla þau að setjast að á Miami og lesa þar fræði sín. Hinir íslensku vinir voru því nokkuð veglegir við vin sinn en meðal þeirra sem komu við sögu í þessu sögufræga teiti voru Árni Johnsen, Jakob Frímann Magnússon og Borat-sundbolur. - fgg









# Grímuhafi stýrir kreppuverki

„Þetta er með því betra sem maður hefur lesið,“ segir nýkrýndur Grímuverðlaunahafi, Kristín Jóhannesdóttir, um nýjasta leikstjórnarverkefni sitt, Brennuvarga. Verkið, sem Mark Frisch skrifaði á síðustu öld, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu um miðjan október.

Kristín fékk Grímuna sem leikstjóri ársins fyrir Utan gátta og bíða margir með eftirvæntingu eftir hennar næsta skrefi á leiksviðinu. Með aðalhlutverkin í Brennuvörgum, sem er kolsvört kómedía, fara Eggert Þorleifsson og Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Leika þau Biederman-hjónin sem fá heim til sín þrjá brennuvarga en brestur þor eða dómgreind til að hindra að þeir kveiki í allri borginni. Með hlutverk brennuvarganna fara Björn Thors og Stefán Hallur Stefánsson. Edda Arnljótsdóttir leikur síðan þjónustustúlkuna á heimilinu sem kemur mikið við sögu. Tónlistina í verkinu semur Barði Jóhannsson.

„Það er svo sérkennilegt og skemmtilegt að verkið talar beint inn í þetta hrun okkar og á sér magnaðar hliðstæður í því ferli öllu. Í því felst skírskotun í það hvað það er í manninum sem veldur því að við göngum eins og blinduð út í eyðileggingu og glórulausa vitleysu eins og við könnumst við hér á landi,“ segir Kristín. „Þetta verður mjög skemmtilegt og nauðsynlegt fyrir alla Íslendinga á þessari ögurstundu sem við lifum að reyna að komast að því hvað klikkaði hjá okkur.“ - fb



**KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR** Næsta verk Kristínar nefnist Brennuvargarnir og er eftir Mark Frisch.


inFAMOUS
RED FACTION GUERRILLA
PLAYSTATION 3
[PROTOTYPE]
16+
18+
www.pegi.info
THQ
BOX ART NOT FINAL
VILTU EINTAK?
EINN VINNUR ÞÁ ALLA!
SENDU SMS EST 3LV Á NÚMERIÐ 1900
- ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!
Fullt af aukavinningum: Tölvuleikir,
DVD myndir, gos og margt fleira!
WWW.BREIK.IS/3GAMES
breik.is
9. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
KOMNIR Í ELKO!
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
199 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**Hvar er þín auglýsing?**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## Finnska leiðin

Rithöfundaþingið í Lahti í Finnlandi var sett í nístingskulda í síðustu viku. Fyrirlestrarnir fóru ekki fram úti við eins og staðið hafði til, heldur inni í tjaldi og urðum við þátttakendur að vefja okkur inn í þykk teppi. Ekki hafði ég dvalist lengi á finnskri grund þegar ég áttaði mig á því að fleira en veðrið var öfugsnúið. Ég hafði verið beðin um að lesa upp ljóð og var ungur heimamaður fenginn til að lesa þýðingarnar. Þær voru bæði til á ríkisfinnsku og mállýsku, og lagði maðurinn áherslu á að lesa frekar mállýskuna. Þetta eru alldramatísk ljóð um dauða, einmanaleika og svoleiðis nokk. Ég hafði því búist við nokkurri yfirvegun hjá áheyrendum en það var öðru nær.

**TIL** að byrja með mátti heyra fólk flissa en ekki leið á löngu þar til salurinn sprakk úr hlátri. „Þetta hafði ekkert með ljóðin að gera, heldur hvernig hann las," sagði fólk afsakandi og benti á unga manninn. Þetta reyndist einhvers konar „prumpa í stampinn"-húmor en hjálpi mér, hvað það var skemmtilegt að lesa upp fyrir þetta káta fólk. Á eftir mér steig þéttholda Finni á svið. Hann lék á skemmtara og söng My Way á finnsku. Þá mátti heyra saumnál detta, nema þegar mér og Lise frá Hjaltlandi varð það á að horfast í augu og flissið þrengdi sér fram á milli tannanna.

**VISSULEGA** voru þarna fastir liðir sem maður getur alltaf búist við á rithöfundaþingi, svo sem konan sem spyr hvort maður hafi séð álfa og maðurinn sem dansaði við Vigdísi Grímsdóttur (að þessu sinni árið 1993!) og hefur enn ekki jafnað sig. Annars var allt frekar öfugsnúið. Ég spurði Finnana um fjárhagsþrengingarnar í byrjun 10. áratugarins. Jú, eitthvað hafði verið erfiðara að fá vinnu en þetta fólk hafði aðallega verið í námi á þessum tíma og þá er fólk hvort sem er blankt. Það hafði því lítið fundið fyrir erfiðleikunum.

**FINNAR** hafa marga fjöruna sopið og árið 1969 þegar þeir áttu varla bót fyrir boruna á sér ákváðu þeir nú samt að höggva kirkju inn í klett í Helsinki. Leiðsögukonan hristi höfuðið af hneykslun. „Sjáið bruðlið," sagði hún og benti upp í koparþakið. „Svo verður allt of heitt hér í sólskini." Þegar maður situr inni í kirkjunni og horfir á hvern koparhringinn taka við af öðrum færist yfir mann ró sem öllum er bráðnauðsynleg. Og nái maður að kasta tölu á hringina getur maður jafnvel komist að því hvað Guð er gamall.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 22. júní, 173. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.56 | 13.29 | 0.03 |
| Akureyri | 1.29 | 13.14 | 0.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





**FRÍTT**
Það kostar ekkert að nálgast Konur og Kaupmannahöfn á www.icelandexpress.is

Flugsæti frá:
# 12.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.



**BÓKAÐU NÚNA!**

## Kvenlega hliðin á Køben

**Kaupmannahöfn** er frábær fyrir konur á öllum aldri. Verslanir með öllum fínustu merkjunum, það heitasta í hönnun og náttúrulega þessar stóru og ódýrari fataverslanir sem allir þekkja. Svo er upplagt að dekra aðeins við sig inn á milli og hafa það huggulegt á kaffihúsum og njóta lífsins á veitingahúsum borgarinnar. Af nógu er að taka!

Á vefnum okkar finnurðu veftímaritið **Konur og Kaupmannahöfn** sem hefur að geyma spennandi og hagnýtar upplýsingar um tísku og hönnun, bestu kaupin og ýmis góð ráð fyrir konur í Kaupmannahöfn.
Nánar **á www.icelandexpress.is**

Danmörk | WONDERFUL COPENHAGEN | COPENHAGEN Open for Fun

**Iceland Express**
með ánægju